


Janúartilboð



Bréfabindi

Vörunúmer: 07894540-91840
Plasthúðuð A4 bréfabindi,
52 og 85 mm.
Fást í mörgum litum.

**Aðeins
1 kr.**

Hámark 20 möppur á mann!



Fartölva

HP Compaq P-M 750 15.0

Vörunúmer:
Intel® Pentium® M Processor 750, 1.86 GHz
Intel® Centrino® Mobile Technology,
64 bita tækni. 1MB cache minni
Þyngd 2,7 kg
Höggvörn á hörðum diskum
Vökvörn á lykilorði

139.900,-



Ofurábyrgð
3 ára alþjóðleg
ábyrgð á vinnu
og varahlutum.
Hraðþjónusta

Skjár: 15" SXGA 1400x1050 skjákort Intel Graphics Media Accelerator 900	Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)	Centrino örgjörvi eykur afköstin	802.11b/g WLAN Bluetooth (bráðlaust netkort)
512 MB Minni: 512MB DDR SDRAM Mest 2 GB (stakur kubbur)	Lithiumrafflaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhliðunni)	60 GB Harður diskur: 60GB 5400rpm	Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

Geisladiskar



01 geisladiskar 25 á spindli
Vörunr 7203000090022

995,-

01 geisladiskar 50 á spindli
Vörunr 7203000090004

1.995,-

Skjávarpí Vörunúmer: L1596A
HP vp6120 digital projector



99.900,-

2000
Birta ANSI lumens: 2000

- Úplausn : 1024x768
- Birta ANSI lumens: 2000
- Skerpa: 2000:1
- Tækni: DLP
- Hljóð: 36dB
- Ummál: 30,8 x 23,8 x 9,5cm
- Þyngd: 3kg
- Tengir: VGA, S-Video, Component
- Composite Video, hljóð
- Lampaending: 2000 klst. í Standard mode
- 3000 klst. í Saver mode
- Annað: Fjarstýring með músarbendli
- Ábyrgð: 2ja ára

Blaðabakkar

Vörunúmer: 3501027
Han blaðabakkar.
Margir litir.

**Aðeins
99 kr.**



ÓÞÝRT

Karce borðreiknivél

Vörunúmer: 492d69csm-egi

1.990,-

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**



**50stk.
í pakka**

495,-
Kúlupennar

Vörunúmer: 6724460
Office Mate kúlupennar.



Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skólunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
sunnudaga 13-17
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
sunnudaga 12-16
Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Superstore


Gleðilegt
nýtt ár!



Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

Verð geta lækkað án fyrirvara

Tilboðin gilda í janúar 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbreytingu og prentviltur. Umbrót: Basecamp.



MARKAÐUR


SKRIFSTOFUVÖRU

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR
2.-15. JAN.

ÞESSIR NÝJU MEGRUNARKÚRAR VIRKA EKKI NEITT.
ÉG BORÐA FISK Á HVERJUM DEGI OG SAMT DREG ÉG
BAKHLUTANN Á EFTIR MÉR....



SKRIFSTOFUVÖRUR

Suðurlandsbraut 14 • opið virka daga 8:00-18:00, laugardaga 10:00-16:00, sunnudaga 12:00-16:00



Skoðaðu www.skiptibok.is ...sparaðu peninga og skelltu þér í bíó!

Sjáðu hvaða skiptibækur eru til og hvað þú færð fyrir þínar bækur á skiptibok.is og prentaðu út óskalista.

Penninn-Eymundsson Austurstræti afgreiðir skiptibækur af skiptibok.is og þú getur sparað heilmikla peninga með því að kaupa notaðar skólabækur. Þeir sem prenta út óskalista, koma með hann á **Skiptibókamarkaðinn í Austurstræti** og versla fyrir 5000 kr. eða meira fá boðsmíða í Sambíóin*

Mundu að þú getur líka notað inneignarnótur til kaupa á skiptibókum og skólavörum.



Eymundsson

* Miðinn gildir í eitt ár á hvaða sýningu sem er.

Sala hafin
Bókaðu lúxus á
lægsta verði!

Tenerife sumarið – ótrúlegt kynningarverð! 2006

Sólríkar suðurstrendur Tenerife eru heitasti áfangastaðurinn árið 2006. Hér bjóðum við einstaklega glæsilega gistaðaði á verði sem hefur aldrei áður staðið Íslendingum til boða. Láttu dekra við þig í frábæru loftslagi þar sem sólin skin og hitinn er alltaf mátulegur. Fallegar strendur og endalausir afþreyingarmöguleikar gera Tenerife að einum vinsælasta ferðamannastað heims!



Parque Santiago ★★

Verð frá: **36.940,-** M.v. 2 með 2 börn í viku í júní, júlí eða ágúst.
2 í viku 45.880,- á mann.

Eitt eftirsóttasta íbúðahótelid á Tenerife byggt í skemmtilegum spönskum stíl og frábærlega staðsett á Playa De Las Americas ströndinni. Hótelgarðurinn er einn sá stærsti á svæðinu, fallegur og mjög vel búinn. Skemmti- og veitingastaðir eru allt um kring og alþjóðlegar verslanir með ótrúlega fjölbreytt vöruúrval gera hótelid að eftirsóttum stað fyrir þá sem vilja vera í rólegheitum við strönd en jafnframt í göngufæri við iðandi mannlíf.

Gestamóttaka	24/7
Strönd	80 m
Aðstaða	
Bar	Já
Veitingastaður	Já
Sundlaug garður	Já Já
Barnalaug leiksvæði	Já Já
Sólbekkir handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá	Já Já
Heilsurækt	Já



IBÚÐIR

Mjög góðar íbúðir með svölum/verönd, ísskáp, kaffivél, sjónvarpi og síma. Þrif 6 daga vikunnar.



Gran Hotel Costa Adeje ★★★★★

Verð frá: **59.467,-** Morgunverður og kvöldverður innifalinn.
M.v. 2 með 1 barn í 2 vikur, 7.-21. júní.
2 í 2 vikur 75.700,- á mann.

Glæsilegt lúxushótel byggt 2001 með útsýni yfir Duque og Fanabé strendurnar. Hér er allt sem hugurinn gírnist, fjöldi veitingastaða, frábærar sundlaugar (m.a. upphituð barnalaug), tennis og minigolf, heilsulind með snyrtistofum og tyrknesku baði og frábær skemmtidagskrá fyrir börn og fulloröna.

Gestamóttaka	24/7
Strönd	300 m
Aðstaða	
Bar	Margir
Veitingastaður	Margir
Sundlaug garður	Já Já
Barnalaug leiksvæði	Já Já
Sólbekkir handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá	Já Já
Heilsurækt	Já
Tennisvöllur	Já
Aðgengi fyrir fatlaða	Já



HERBERGI

Rúmgóð herbergi og svitur með svölum, minibar, loftkælingu, sjónvarpi og síma. Þrif daglega.

SUMAR FERÐIR

– ALLTAF Á RÉTTU VERÐI

Bókaðu núna:
www.sumarferdir.is
Sími 575 1515



FABIR FROST Minnismarki um stofnanda Moskvuborgar, Júri Dolgoruki, í klæðum rússneska jólasveinsins Föður frosts. Rússar undirbúa nú jólafagnað sinn, en samkvæmt tímatali austurkirkjunnar er jóladagur þann 7. janúar. NORDICPHOTOS/AFP

Óbragð af kalda vatninu í Fellabæ þegar gerlar komust í vatnsbólíð:

Íbúum ráðlagt að sjóða vatnið

FLÍÓTSDALSHÉRAÐ Heilbrigðiseftirlit Austurlands ráðleggur íbúum Fellabæjar á Héraði að neyta ekki kalda vatnsins næstu vikurnar nema sjóða það fyrst en nota heita vatnið ella til drykkjar. Sýni var tekið úr vatninu í vikunni eftir að íbúarnir kvörtuðu undan megnu óbragði af vatninu og í ljós kom að óæskilegir jarðvegsgerlar höfðu komist í vatnsból Fellamanna.

Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, segir vatnið ekki skaðlegt heilsu fólks en geti valdið óþægindum. „Ungabörn og aðrir þeir sem viðkvæmir eru gætu fengið niðurgang en engin bráða-

hætta stafar af vatninu,“ segir Helga.

Jarðvegsgerlarnir síast yfirleitt frá vatninu áður en það fer í vatnslagnir sem liggja að íbúðarhúsum og fyrirtækjum, en Helga segir jarðrask í malarnámu nærri vatnsbólunni hafa valdið því að gerlarnir eru nú í kranavatni Fellamanna. „Óvíst er hversu lengi þetta ástand varir en gera má ráð fyrir að vatnið verði nokkrar vikur að hreinsast,“ segir Helga. **-kk**

FELLABÆR Jarðvegsgerlar komust í kalda vatnið í Fellabæ og er íbúum ráðlagt að drekka ekki vatnið nema sjóða það fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



Svíi sem var talinn af:
Birtist heima eftir tvö ár

SVÍPIÓÐ, AP Sænskur maður sem var talinn af fyrir tveimur árum er hann hvarf á veiðum úti fyrir Norðegsströnd birtist í vikunni bráðlifandi úr undir stýri á bíl sínum heima í Svíþjóð. Uppgötvaðist hvers kyns var þegar lögregla stöðvaði manninn vegna umferðareftirlits.

Maðurinn tjáði sænskum fjölmöldum að hann hefði sett dauða sinn á svið árið 2003 með því að leigja bát í Noregi sem hann síðan ýtti úr vör. Baturinn fannst aldrei. „Ég vildi losna úr mínu fyrri lífi og hefja nýtt,“ tjáði Palm dagblaðinu Sydöstran í Karlshamn, þar sem hann dvelur nú í fámí fjölskyldu sinnar eftir tveggja ára flakk. **■**

Sýkna ríkisins staðfest:

Ekki brotið á félagafrelsi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir íslenska ríkinu frá því 13. júlí síðastliðinn. Ríkið var þá sýknað af kröfum manns sem taldi sig hafa orðið fyrir ólög-mætri gjaldtöku, en Skattstjórnin í Reykjavík lagði á hann iðnað-armálagjald á árunum 2001 til 2004.

Maðurinn vísaði til þess að í landinu væri félagafrelsi og því ólöglegt að gera honum að greiða félagsgjöld til Samtaka iðnaðar-ins.

Héraðsdómurinn vísaði til fyrri úrskurðar Hæstaréttar frá árinu 1998 þar sem ekki var fall-ist á að iðnaðarmálagjaldi gæti talist félagsgjald, en tekjum af því mun varið til eflingar iðnaði og iðnþróun. Þá skoðun áréttaði Hæstiréttur nú. **-óka**

Fólksflutningar í sveitarfélögum landsins:

Fjölgun fyrir austan

ÍBÚATAL Fólksfjölgun á Íslandi á árinu var hlutfallslega mest í Fljótaldshreppi á Austurlandi. Þar fjölgaði íbúum um 36 prósent, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Íbúum fjölgaði næst mest í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu eða um 28 prósent. Þess ber að geta að bæði þessi sveitarfélög eru fámenn. Íbúar í Fljótaldshreppi



REYKJAVÍK Íbúum fjölgaði mest í höfuð-borginni á árinu. Hlutfallslega var fjölgunin þó meiri á landinu í heild.

eru 355 talsins og 167 manns búa í Skilmannahreppi.

Íbúum fjölgaði annars mest á Austurlandi. Í Fjarðarbyggð fjölgaði þeim um 23 prósent og í Fljótaldshéraði um 16 prósent. Athygli vekur að íbúum fækkaði í flestum öðrum sveitarfélögum í landshlutunum.

Ef tekið er mið af fjölda einstaklinga hefur fólksfjölgun orðið mest í Reykjavík, en þar fjölgaði íbúum um 1.070. Fólksfjölgunin er hins vegar eingöngu 0,9 prósent í prósentum talin og fjölgunin í höfuðborginni er minni en fjölgun á landsvisu, en þar var hún 2,1 prósent.

Flestir einstaklingar fluttu af Seltjarnarnesi, eða 86, en hlutfallslega fækkaði íbúum mest í Árnes-hreppi í Strandasýslu en þar nam fækkunin 12 prósentum. Þar búa hins vegar eingöngu 57 manns. **-sk**



HREYFING ER HOLL Í þingsályktunartillögu sem lögð hefur verið fyrir alþingi, er lagt til að hægt sé að fá tilvísun á hreyfingu frá lækni.

Hreyfing verði einn valkosta

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur tvisvar lagt til breytingu á heilbrigðiskerfi, þar sem hreyfing verði metin sem valkostur.

STJÓRNMÁL Lögð hefur verið fyrir alþingi tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu. Lyfjastofnun og Landlæknir eru nú að skoða umdeilda markaðsherferð lyfjafyrirtækis sem borgar líkamsrækt fyrir sjúklinga sem nota ákveðið lyf.

Þingsályktunartillagan gengur út á að heilbrigðisráðherra skipi nefnd sem undirbúi nauðsynlegar breytingar með það fyrir augum að læknir geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og lyf eða lækniáðgerðir. „Þingmálin sem ég hef lagt fram ganga út á að allir geti fengið beiðni um hreyfingu frá lækni, en núna hefur lyfjafyrirtæki sem er með mjög dýrt blóðþrýstingslyf samið við eitt líkamsræktarfyrirtæki,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingar og fyrsti flutningsmaður, en hún hefur áður lagt fram sambærilega tillögu. Meðflutningsmenn eru úr öllum flokkum. Hún telur að tvíþent kunnir að vera að lyfjafyrirtæki borgi líkamsrækt með þessum hætti.

Í greinargerð kemur fram að hér hafi offita fullorðinna



ÁSTA R. JÓHANNESSDÓTTIR Ásta Ragnheiður, sem er þingmaður Samfylkingar, á sæti í heilbrigðis- og trygginganefnd þingsins.

tvöfaldast síðustu tuttugu ár og fjórfaldast hjá níu ára börnum milli árána 1978 og 2002. Ásta Ragnheiður segir kjöraðstæður hér til að bjóða líkamsrækt sem valkost í heilbrigðiskerfinu, hvergi séu sundlaugar fleiri og íþróttastæða er góð og víða ekki fullnýtt, auk þess sem hér séu margar vel búnar líkamsræktarstæðvar. **-óka**



ÚTSALA ÚTSALA 50 – 80 % AFSLÁTTUR Ótrúlega lágt verð

Dæmi um verð.	Áður.	Núna.
Rúllukragapeysa	6.000.-	1.900.-
Marglit peysa	7.200.-	1.900.-
Jakkapeysa	6.200.-	2.900.-
Flís-jakkapeysa	5.300.-	1.900.-
Dömskyrta	4.900.-	1.900.-
Ullarblazer	6.600.-	1.900.-
Gallajakki	5.300.-	1.900.-
Úlpa m/hettu og skinni	5.800.-	2.900.-
Mokkajakki	10.800.-	3.900.-
Pelsjakki	7.900.-	3.900.-
Kjöll m/perlum	7.300.-	1.900.-
Gallapiis	4.800.-	1.900.-
Teinóttar buxur	3.600.-	1.800.-
Kvartbuxur	4.700.-	1.900.-
Gallabuxur	5.400.-	2.700.-
Silfur sandalar	5.400.-	1.900.-

Einnig fantaður á kr. 500.- og kr. 990.-

Og margt margt fleira
Opíð frá 10:00 – 18:00



Síðumúla 13 • Sími 568-2870

FRJÁLSI

Hagstæðasta bílalánið
Lægri vextir og ekkert lántökugjald

Frjálsi fjárfestingarbankinn | Lág múla 6 | sími 540 5000 | www.frjalsi.is



Veldu Focus C-Max www.ford.is



Nýtt tákni um gæði

Vertu smart á nýju ári

- Kaupu stærri bíl á minna verði
- Kaupu bíl á betri kjörum
- Kaupu fjölhæfari og smartari bíl

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu

Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu

© ALMANTENSKIL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



Nýársuppbót á nýjum Focus C-Max

Kauptu C-Max ódýrastur í dag

► Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu á nýju ári. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla - stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðuðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í

akstri. Nýttu þér nýrstilboð Brimborgar - Focus C-Max er ódýrastur í dag. Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

Tugþúsunda tilboðs- karfa að verðmæti allt að 283.000 kr.

- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægri verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkinn í skottið)



Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.

Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár

Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkinn undir bílinn og sumardekkinn í skottið



● C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 girja, Ford Focus C-Max Trend

Verð með nýársuppbót	1.845.000 kr.
Bilasamningur, á mánuði 20% útborgun	22.200 kr. 369.000 kr.
Bilasamningur, á mánuði 10% útborgun	25.000 kr. 184.500 kr.
Rekstrarleiga á mánuði	32.200 kr.

Ófurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins¹⁾ Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum



● C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

Verð með nýársuppbót	2.070.000 kr.
Bilasamningur, á mánuði 20% útborgun	25.000 kr. 414.000 kr.
Bilasamningur, á mánuði 10% útborgun	28.000 kr. 207.000 kr.
Rekstrarleiga á mánuði	34.600 kr.



● C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

Verð með nýársuppbót	2.260.000 kr.
Bilasamningur, á mánuði 20% útborgun	27.250 kr. 452.000 kr.
Bilasamningur, á mánuði 10% útborgun	30.600 kr. 226.000 kr.
Rekstrarleiga á mánuði	37.800 kr.

Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl


Ný frábær sjálfskipting¹⁾
á frábæru verði

Veldu Ford Focus C-Max

Skoðuðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (152% aukning frá 2003) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bilasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. ¹⁾ Aðeins með 2 lítra vél.

„ORÐRÉTT“

Já, alveg nákvæmlega eins og aðrir launþegar

„Hún er eins og aðrir launþegar með ákveðinn uppsagnarfrest, auk þess sem ýmis hlunnindi koma inn í samninginn.“

SKARPHÉDINN BERG STEINARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR FL GROUP, UM RAGNHILDI GEIRSDÓTTUR, FYRRVERANDI FORSTJÓRA, SEM FÆR 130 MILLJÓNIR VEGNA STARFSFLOKA EFTIR FIMM MÁNADA STARE.

Tali nú hver fyrir sig

„Þetta var árið þegar allir tóku fimbullán út á húsnæðið sitt en eyddu peningunum því miður í vitleysu á borð við jeppa og pallbíl.“

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON RITHÖFUNDUR Í GREIN Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL

STARFSLOKAGREIÐSLUR
TVEGGJA FYRRVERANDI FOR-
STJÓRA FL GROUP

Ansi mikið



MARGRÉT SIGFÚSDÓTTIR SKÓLASTJÓRI
HÚSSTJÓRNARSKÓLANS

„Þetta er óneitanlega ansi mikið,“ segir Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík og umsjónarmaður Alls í drasli á Skjá einum um starfslokagreiðslur FL Group til fyrrverandi forstjóra félagsins, þeirra Sigurðar Helgasonar og Ragnhildar Geirsdóttur. Samtals nema greiðslurnar 291 milljón króna, Sigurður fær 161 milljón og Ragnhildur 130 milljónir. „Mér finnst þetta ansi há fjárhæð, sérstaklega fyrir unga manneskju sem á allt lífið framundan í starfi, en það gegnir kannski öðru máli um fólk sem er að hætta að vinna,“ segir Margrét og bætir við að hún haldi ró sinni yfir málinu, ekki sé til neins að æsa sig yfir því.

Frá Hong Kong til Raufarhafnar

Líf Chang Yu Tung tók miklum stakkaskiptum í ágúst mánuði síðastliðnum. Þá tók þessi 16 ára unglingur saman föggur sínar á heimili sínu á 13. hæð háhýsis í Hong Kong og kom sér norður til Raufarhafnar þar sem hann stundar nú nám í 10. bekk. Þar lærir hann margt annað en námsbækur kenna, til dæmis að taka lífinu með ró.

„Ég var ákveðinn í að fara sem skiptinemi til einhvers lands sem væri alveg sérstakt,“ segir Chang Yu Tung, sextán ára skiptinemi frá Hong Kong sem nú er búsettur á Raufarhöfn. „Ég var hins vegar að velkjast í vafa um það hvort ég ætti að fara til Suður-Afríku, Egyptalands eða Íslands. Eftir að hafa rætt það með foreldrum mínum varð svo Ísland ofan á. Þau vissu þó ekki mikið um landið en þekktu þó til skötunnar; höfðu ekki prófað hana en vissu af þessum undarlega fiski sem lyktar enn undarlegar þegar Íslendingar elda hann. Ég prófaði svo skötuna á Þorláksmessu og get því staðfest það að hún lyktar undarlega en bragðast alveg ágætlega,“ segir Chang.

En brá honum nokkuð í brún þegar hann kom fyrst til Raufarhafnar? „Já, ég vissi að þarna byggju tæplega þrjú hundruð manns en ég hafði ekki áttað mig á því að þrjú hundruð manna þorp væri svona rosalega lítið. En fámennið hefur sína kosti því undir lok fyrstu vikunnar var ég búinn að kynnast nær öllum í skólanum. En það voru ekki bara viðbrigði að koma til Raufarhafnar því ég var undrandi á því þegar ég kom til Reykjavíkur og sá varla nokkra háa byggingu ef frá eru taldar kirkjurnar. Ég hélt að höfuðborg Íslands yrði aðeins hærri og þéttari.“

En Chang þurfti einnig að venjast hátterni fólksins á Fróni og svo virðist sem aðlögunarhæfnin hafi ekki brugðist honum. „Í Hong Kong er sífellt ys og þys; fólk fer geyst og unír sér sjaldan hvíldar. Á Raufarhöfn lærði ég hins vegar að slaka á og að taka lífinu með ró. Hér taka menn náminu til dæmis með meira æðruleysi en viðgengst í heimalandi mínu. En þó verð ég að segja það að unglingarnir á Raufarhöfn eru mun snarari en landar mínir þegar partíhald er annars vegar, en ekki meira um það!“ segir Chang sem vonast til þess að verða ekki of íslenskur í háttum þegar heim verður komið.

jse@frettabladid.is



CHAN YU TUNG Það voru mikil viðbrigði fyrir Chan að koma til Íslands en kappinn er að sjóast.

DV

DV skoðar starfslokakóna og -drottningar

Milljón á mánuði til æviloka án þess að snerta höfuðstólinn

Þeir þegar aðrir þegja!

Könnun á vef Útvarps Sögu á fylgi frambjóðenda:

Björn Ingi og Stefán Jón í efstu sætunum

Samkvæmt niðurstöðum athugunar á vef Útvarps Sögu fer Björn Ingi Hrafnsson með sigur af hólmi í prófkjöri Framsóknarflokksins vegna borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík í vor. Mjött er þó á munum og fær Björn Ingi tæp 37 prósent atkvæða en Óskar Bergsson rúm 33 prósent. Anna Kristinsdóttir fær svo rétt tæp 30 prósent þeirra atkvæða sem greidd hafa verið á vefnum vegna prófkjörs Framsóknarflokks.

Niðurstöður vegna prófkjörs Samfylkingarinnar í Reykjavík eru meira afgerandi; Stefán Jón Hafstein hlýtur rétt tæp 50 prósent atkvæða. Dagur B. Eggertsson fær rúm 33 prósent og Steinunn V. Óskarsdóttir rúm sautján prósent.

Nú þegar liggur fyrir að Ólafur F. Magnússon verður í forystu Frjálslynda flokksins, Svandís Svavarsdóttir hjá VG og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hjá Sjálfstæðisflokknum.

Á milli 80 og 90 atkvæði voru greidd í hverri könnun fyrir sig. ■



STEFÁN JÓN HAFSTEIN



BJÖRN INGI HRAFNSSON



NIKOTÍNLYF Talsvert selst af lyfjum sem slá á nikotínlyfjarnar á þessum tíma árs.

Margrét drápu í um áramót:

Rífandi sala á nikotínlyfjum

Eins og oft áður notuðu margir áramótin til að hætta að reykja. Lyfsalar víða um land segja mikið hafa selst af nikotínlyfjum síðustu daga síðasta árs en einstaka merkti þó ekki aukningu.

Nikotínlyfjagjó selst lang mest allra nikotínlyfja en talsvert úrval er af vörum sem slá eiga á löngun og fíkn. Nefúðar og plástrar selst næst mest en munnsogstöflur, tungurótartöflur og innsogsstaukar selst minna.

Þær fréttir fengust úr Lyf og heilsu í Kringlunni að nikotínlyf hefðu svo að segja selst upp á gamlársdag og seldist þar einnig mikið magn ýmiskonar lyfja sem ætlað er að slá á timburmenn. ■

PRÓFKJÖR **FRAMSÓKNARFLOKKSINS**
Í REYKJAVÍK **28. JANÚAR** 2006



Gleðilegt ár

... og takk fyrir
samstarfið á þeim liðnu

Sem borgarfulltrúi framsóknarmanna hef ég átt afar ánægjulegt samstarf við Reykvíkinga á undanförunum árum. Fyrir þau samskipti vil ég þakka um leið og ég sendi borgarbúum og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilegt ár.

Nýhafið ár felur í sér ný pólitísk tækifæri og spennandi uppgjör í Reykjavík. Framsóknarfólk hittist við kjörborðið í prófkjöri þann 28. janúar. Í aðdraganda þess kjörs mun ég kynna verk mín í borgarstjórn og áherslur í starfinu framundan. Ég sækist eftir umboði til að veita framboðslista okkar forystu og læt í ljós von um góða þátttöku í prófkjörinu og glæstan árangur Framsóknarflokksins á vori komanda.

Anna1
KRISTINSDÓTTIR
- ÞEKKIST AF VERKUNUM

www.annakr.is

„Áður en við vissum af vorum við búin að spara **36.822 kr.**“

Frá því í apríl sl. hafa Valdimar og fjölskylda hans sparað **36.822 kr.** með því að vera í Og1, heildarþjónustu Og Vodafone. Með Og1 lækka þau símakostnað heimilisins umtalsvert og geta leyft sér að nota sparnaðinn í eitthvað skemmtilegt.

Það er ekkert mál að skrá sig í Og1.

Heimili sem eru með allt hjá Og Vodafone, GSM áskrift, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í Og1.

„Svona spöruðum við 36.822 kr.“

Valdimar og fjölskylda hans hringdu heim úr GSM símunum sínum í samtals **30 mín.** á mánuði, þau töluðu í **60 mín.** á mánuði við vin sinn í útlöndum, notuðu heimasímann daglega fyrir samtals **500 mín.**, fengu sér áskrift að Sýn á **sérstöku tilboði** og síðast en ekki síst eru þau öll skráð með GSM vin.

Hringdu í 1414 strax í dag, skráðu þig í Og1 og byrjaðu að spara með hverju símtali.

Og1

Í dag eru yfir **10.000** heimili skráð í Og1 og þeim fjölgar hratt. Þú getur skráð þitt heimili núna á www.ogvodafone.is eða í 1414.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í Og1.




ÍSLENSKA AÐGÆSINGASTOFNANNAÐS 067 88713 122883



Heyrumst!

Svona erum við

> Innflutt hráefni til fiskvinnslu 2004 eftir tegund vinnslu



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: JARÐGAS

Dýrmætt loft úr lífrænum leifum

Eftir mikið jaml, japl og fuður hafa Rússar stöðvað gassölu til Úkraínanna. Evrópubúar óttast að þar með muni þeirra eigin gasbirgðir dragast saman því það er flutt um sömu leiðslur.

Hvað er gas?

Rétt eins og olía myndast jarðgas úr ævafornum plöntu- og dýraleifum sem finnast djúpt ofan í jörðinni eða undir sjávarbotninum. Metan, sem verður til við rotnun lífrænna efna, er helsta uppi- staðan í jarðgasinu en própan, bútan og kósan er einnig að finna í því. Gasið er litar- og lyklarlaust og því setja framleiðendur af öryggisástæðum lyktarefni í það svo hægt sé að greina gasleka.

Hvernig er gasið unnið?

Jarðgasi er einfaldlega dælt upp úr jörðinni en áður en því er tappað á kúta eða sett í leiðslur er það hreinsað og greint í ólíkar tegundir. Þrjú prósent af gasframleiðslu heimsins kemur raunar úr lofti sem streymir upp úr rotnandi lífmassa, til dæmis sorpi og mykju.

Rússar eru stærstu gasframleiðendur heims, þar eru 555 milljarðar rúmmetra framleiddir á ári, en Bandaríkjamenn fylgja fast á eftir og síðan Kanadammenn og Bretar. Bandaríkjamenn nota hins vegar allra þjóða mest af gasi.



Í hvað er gasið notað?

Jarðgas er til margra hluta nýtilegt, til dæmis í áburðarframleiðslu og iðnað af ýmsu tagi, og héraendis er það ekki síst notað til eldamennsku. Stærsti hluti gasframleiðslu heimsins er hins vegar notaður til rafmagnsframleiðslu og húshitunar. Þar sem gasbruni er umhverfisvænni en olíu- eða kolabruni er búist við að notkun þess muni heldur aukast á næstu áratugum. Til dæmis hafa bifreiða- framleiðendur þróað bílveilar sem knúnar eru gasi á borð við metan.

Spurn eftir gasi hefur aldrei verið meiri og er reiknað með að þær gaslindir sem þekktar eru í heiminum verði uppnar eigi síðar en í lok þessarar aldar.

SPURT OG SVARAÐ

SORPHIRÐA

Mest að gera í desember

Sorphirða Reykjavíkur hefur aldrei eins mikið á sinni könnu eins og í desembermánuði. Starfsmenn sorphirðunnar fengu lítið frí yfir hátíðarnar enda af nógu að taka. Pétur Elínarson er rekstrarfulltrúi Sorphirðu Reykjavíkurborgar.



PÉTUR ELÍNARSSON
Rekstrarfulltrúi Sorphirðu
Reykjavíkurborgar.

Vorud þið meira í rusli í desember? Já, það er greinilega langmest að gera í desember. Mikið af sorpi safnast upp hjá fjölskyldum í þessu kaupsjúka landi og það er nú einu sinni þannig að nánast allt sem borðið er inn á heimilin endar í tunnunni.

Gerðu þið einhverjar sérstakar ráðstafanir? Við bættum ekki við starfsfólki í desember heldur var vinnudagurinn klukkustund lengri hjá okkur í jólamánuðinum. Við byrjuðum klukkan sjö á morgnana eins og venjulega en unnum til hálf fjögur.

Hvernig ganga borgarbúar frá sorpinu sínu? Það er mjög mismunandi. Ég myndi segja að í flestum tilfellum gangi fólk vel frá sorpinu sínu en gott væri ef fólk nýtti sér meira grænu plastpokana sem eru sérstaklega ætlaðir fyrir sorp sem ekki rúmast í tunnunni.

Líf eftir nauðgun og niðurrif

Fórnlömbum kynferðislegs ofbeldis virðist oft vera ofinn miskunnarlaus örlagavefur. Margir leita á náðir fíkniefna til að deyfa sársaukann, vændi getur orðið að fýsilegum kosti og öryggi gagnvart misindismönnum virðist hvergi vera að finna. Blaðamaður ræddi við konu á fertugsaldri og rúmlega tvítugan mann sem eiga slíkar harmasögur að segja.

„Ein af helstu ástæðum þess að konur leiðast út í ofneyslu vímuefna er sú að þær hafa verið beittar kynferðislegri misnotkun eða ofbeldi,“ segir Guðmundur Jónsson, forstöðumaður Byrgisins. Hann kannaði forsögu 150 vistmanna á Byrginu og þar af höfðu 23 orðið fyrir ofbeldi eða misnotkun á barns- eða unglingsaldri. Þar af eru átján konur og fimm karlar. Piltar sem lenda í slíkri misnotkun eru einnig líklegir til að leiðast úti fíkniefnaneyslu.

Misnotuð af stjúpfaður

„Ég var fimm ára þegar stjúpfaðir minn byrjaði að misnota mig kynferðislega og þannig gekk það þangað til ég strauk að heiman tólf ára,“ segir kona á fertugsaldri



ÞJÁNINGASYSTKININ GANGA VEGINN Á ENDA Það er ekki átakalaust að takast á við fortíð sem nauðgun, niðurlægning og neysla hefur markað. Þau þjáningarsystkin bjóða sinni fortíð þó byrginn í Byrginu. Það er háll vegur sem skal genginn á enda.

sem býr nú í Byrginu. „Móðir mín vissi af þessu allan tímann en þorði ekkert að gera af ótta við kallinn.“

Konan leiddist síðar út í fíkniefnaneyslu og þá varð hún að beita ýmsum brögðum til að verða sér úti um efni. „Ég braust inn og stal en svo fór ég líka út í vændi. Ég vann sem strippari og þar komst ég í samband við veflefnada kúnna; margir þeirra voru háttmetnir í samfélaginu. Þeir voru til í að nýta sér neyð mína og borguðu vel fyrir. Ég gat jafnvel fengið 800 þúsund fyrir eina nótt en þá sinni ég kannski tveimur til þremur auðugum kúnnum.“ Hún segir að eigendur á strippstöðunum hafi komið sér í samband við kúnnana en vændisstarfsemin fór þó ekki fram á strippstaðnum sjálfum. „Það var farið með okkur í lúxuskerrum til þessara stórlaxa á einhverja staði og mér fannst eins og ég nyti rosalegrar virðingar, það var viss upphæfð í kringum þetta en það var fölsk virðing.“

Fyrirmyndar misindismenn

En þessi leynda iðja stórlaxanna gat stungið verulega í stúf við það hlutverk sem þeir léku í hversdagsleikanum. „Ég hef lent í því að hitta gamlan kúnna þar sem hann var á rölti með konu sinni og börnum.“

Ég varð mjög reið og skildi ekki hvernig maður sem kemur úr slíku umhverfi gæti nýtt sér neyð mína. En ég veit ekki hvort hann þekkti mig aftur. Hann var í mikilli kókvímu þegar ég var með honum svo kannski man hann ekkert eftir mér. En þetta sýndi mér

að þessir menn bera það ekki utan á sér að vera misindismenn.“

Nauðgað af fangaverði

Svo virðist sem uppvaxtarsaga hennar hafi ofið henni þann örlagavef að vera hvergi óhult fyrir kynferðislegu ofbeldi. „Frá því að stjúpfaðir minn misnotaði mig hefur mín saga verið með þessum hætti. Ég veit að það er sjúkt en ég hef alltaf stofnað til sambanda sem fóru á þann veg að ég var misnotuð, beitt ofbeldi eða nauðgað. Meira að segja hefur þessi hölvun teygst sig í fyrir fangelsisveggina þar sem ég þurfti eitt sinn að dveljast.“

Ég var ekki einu sinni örugg þar því einn fangavörðurinn gaf mér of sterk lyf svo ég sofnaði og þá kom hann inn í klefann og nauðgaði mér.“ Spurð hvort hún hafi reynt að kæra fangavörðinn svarar hún: „Mér var bara kennt að halda kjafsti svo það var aldrei inni í myndinni að kæra eða gera nokkuð vesen út af þessu. Þannig var ég alin upp, stjúpfaðirinn sá um það.“

EKKI virðist sá ógæfumaður vera á batavegi því fyrir nokkrum árum lék hann sama leikinn og nauðgaði henni.

Drengjum er líka nauðgað

EKKI þarf jafn mörg áföll og þessi kona hefur frá að segja til að lífið fari úr skorðum eins og saga unga mannsins sýnir fram á. „Ég var 17 ára og var í partíi með félögum mínum í einhverju húsi og þar drapst ég áfengisdauða. Svo vakna ég við það að einhver karl er að nauðga mér,“ segir þessi ungi maður. „Ég bara fraus og gat

ekkkert gert. En svo þegar tækifæri gafst hljóp ég út. Ég þekkti sama og ekkert til þessa manns nema að ég vissi að hann var Portúgali og ég veit ekkert hvar hann er núna.“

Ungi maðurinn kærði ódæðismanninn og vann það mál en öðru var tapað sem erfiðara er að vinna aftur. „Á þessum tíma var ég að drekka og fíkta við hass en eftir þetta fór ég að deyfa sársaukann með amfetamíni. Ég var einnig reiður út í félagá mína sem skildu mig eftir í partíinu þótt þeir vissu að þessi maður væri líklegur til svona verka,“ segir hann.

Fyrirgefningin frelsar

Ungi maðurinn hefur verið í Byrginu í tæpt ár en aðeins nokkrir mánuðir hafa liðið frá því hann fór að geta talað um þetta atvik. Hann segist nú vera að vinna úr þessum harmleik með hjálp trúarinnar. Margir kynnu að hugsa sem svo að misindismaður sem gerir 17 ára pilti svona lagað ætti ekki fyrirgefningu skilið en hann er á öðru máli. „Fyrirgefningin frelsar,“ segir hann og bætir við að enn geti hann ekki fyrirgefið en þó standi vilji hans til þess.

Fertuga konan er sama sinnis og vinnur nú í sínum málum. „Ég er nú í fyrsta sinn í heilbrigðu sambandi og hef aldrei áður verið jafn lengi eðru,“ segir hún og birta færast yfir andlitid.

ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR
SEÐLABANKA ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1
150 REYKJAVÍK

ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á árinu 2006.

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins nr. 361 30. september1977, sbr. auglýsingar um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 673 frá 12. september 2000 og nr. 987 frá 19. október 2005, er tilgangur sjóðsins „að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.“

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Stefnt er að úthlutun á fyrri hluta komandi árs. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2006. Eldri umsóknir ber að endurnýja. Nálágast má umsóknareyðublöð á veffanginu www.sedlabanki.is.

Nánari upplýsingar gefur ritari sjóðsstjórnar, Sigfús Gauti Þórðarson, í síma 569 9600.

Reykjavík, 30. desember 2005.

ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

FRÉTTASKÝRING

JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is



OG 58 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR

REC

NÝR MYNDLYKILL SEM GEYMR DAGSKRÁNA FYRIR ÞIG - STAFRÆNT

MEÐ NÝJUM STAFRÆNUM UPPTÖKULYKLI FRÁ DIGITAL ÍSLANDI
GETUR ÞÚ...

- HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ OG TEKID UPP AÐRA SAMTÍMIS
- ÝTT Á „PÁSU“ ÞEGAR ÞÉR HENTAR
- SPÓLAÐ TIL BAKA EF ÞÚ HEFUR MISST AF EINHVERJU
- NÝTT ÞÉR EINFALT UPPTÖKUVIÐMÓT TENGT DAGSKRÁRVÍSI
- HORFT Á UPPTÖKU FRÁ BYRJUN ÞÓ HÚN SÉ ENN Í GANGI
- VISTAÐ UPPTÖKU INN Á HARÐAN DISK

NJÓTTU ÞESS AÐ HORFA Á DAGSKRÁNA OKKAR – HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR. ÞÚ
FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE OG
ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS. VERÐ 7.990 KR.
OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.



digital island

Hvernig eignast ég milljón?

Svandís Rún Ríkhartósdóttir
Ráðgjafi á Eignastýringu Íslandsbanka.



FJÁRFESTU Í SJÓÐUM

Auðvelda leiðin til að eignast milljón er að fjárfesta reglulega í sjóðum. Þú leggur peningana til hliðar strax í byrjun mánaðar og lætur þá byrja að safna vöxtum. Þannig getur þú byggt upp góðan sjóð á ótrúlega stuttum tíma.


Því fyrr sem þú byrjar, því fyrr byrja peningarnir að vinna fyrir þig. Það er svo undir þér komið hvort þú eyðir milljóninni eða heldur áfram upp í tvær.

Byrjaðu núna! Farðu inná www.isb.is og byrjaðu að fjárfesta. Þar getur þú valið um þrjár leiðir til fjárfestingar sem sérfræðingar hjá Eignastýringu Íslandsbanka hafa sett saman úr verðbréfa-sjóðum með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun miðað við áhættu. Þú getur einnig sett saman þitt eigið eignasafn eða keypt í stökum sjóðum.

KLASSÍSKA LEIÐIN – Árleg nafnávöxtun síðustu fimm ár: 15%*

15%

UPPSÖFNUM FJÁRHÆÐ** – Miðað við 5 ára sparnað:



Klassíska leiðin: Hentar þeim sem vilja dreifa áhættunni og fá góða ávöxtun. Samsetning leiðarinnar er 50% skuldabréf og 50% hlutabréf og þú getur fjárfest í þessari leið með mánaðarlegri áskrift eða með einni upphæð.

*Ávöxtun í fortið er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

**Miðað við 15% ávöxtun síðustu fimm ára.

**SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Lúxuskjör forstjóranna reyna á þolrifin í samfélaginu:

Að þekkja og virða takmörkin

Uppsátturinn á forsiðu Fréttablaðsins í gær um háar starfslokagreiðslur til fyrrverandi forstjóra FL Group hefur vakið mikla athygli og umtal í þjóðfélaginu. Sérstaklega staðnæmast menn við 130 milljón króna greiðslu sem Ragnhildur Geirsdóttir fær eftir fimm mánaða setu í forstjóra-stól. „Er hægt að taka mark á ræðum atvinnurekenda þegar þeir messa um hófstíllt laun í samfélaginu?“ spyr Mördur Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, í pistli á vefsíðu sinni. Hann hefur reiknað út að greiðslur sem forstjórnarnir fyrrverandi fá jafngildi mánaðarlaunum 1400 venjulegra launamanna. „Þetta er græðgi“ var haft eftir Gylfa Arnbjörnssyni, framkvæmdastjóra Alþýðusambandsins í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins.

Hefðin, fámennið og návígið á Íslandi setur viðskiptalífi okkar enn fremur ákveðin takmörk og skapar því ákveðna sérstöðu.

Frá sjónarmiði þeirra sem leggja áherslu á frið og jafnvægi á vinnumarkaði gat þessi frétt líklega ekki komið á óheppilegri tíma, beint ofan í óþægilegar umræður um ákvörðun Kjaradóms að hækka laun þingmanna og æðstu embættismanna ríkisins umtalsvert meira en launþegar fengu í almennum kjarasamningum. Fréttir af þessu tagi verða til þess að auka umræður um stéttaskiptingu og það sem fólki finnst vera ranglátur efnamunur og skapa þannig óánægju og sundurlyndi sem aftur slævir starfsgleði fólks. Raunar voru vangaveltur um gliðnunina í þjóðfélaginu eitt meginstefið í greinum formanna stjórnarandstöðuflokkanna nú um áramótin og hefði þing verið kallað saman milli jóla og nýárs, eins og formennirnir kröfðust, er líklegt að þetta hefði orðið meginumræðuefnið.

Forstjórastéttin á Íslandi nefnir gjarnan þær málsbætur að hún verði að vera samkeppnisfær við starfssystkini sín utantands, ekki síst í ljósi þess að öflugustu fyrirtækin eru á alþjóðlegum markaði. Sagt er að fyrirtækin fái ekki öflug staðjörndur nema hægt sé bjóða þeim áþekk kjör og þeir geta fengið í öðrum löndum. Vafalaust er mikið til í þessu. Samkeppnin um hæfustu forstjórana hefur aukist samhliða því sem íslensk fyrirtæki ráðast í stærri og áhættusamari fjárfestingar, einkum í útlöndum. Svo má ekki horfa fram hjá því að hæfir og öflugir forstjórnarar eru annað og meira en gírugir peningamenn. Þeir eru frumkvöðlar og forystumenn um atvinnusköpun sem leitt hefur til mikils hagvaxtar sem þjóðfélagið allt nýtur góðs af. Þeir eru mennirnir sem hafa stækkað þjóðarkökuna. Starf þeirra, metnaður og hugmyndaauðgi hefur leitt til þess að meira er til skiptanna fyrir okkur hin en áður.

Há laun og ýmis lúxus forstjórastéttarinnar eru, hvort sem okkur líkar betur eða verr, fylgifyrirkomur markaðsþjóðfélags, ekki síst á uppsveiflutímum eins og nú. En á þessu sviði hlýtur þó að vera rúm fyrir meðalhóf eins og víðast hvar annars staðar. Hefðin, fámennið og návígið á Íslandi setur viðskiptalífi okkar enn fremur ákveðin takmörk og skapar því ákveðna sérstöðu sem jafnvel útrásin margumrædda fær ekki breytt. Mikilvægt er að leiðtogar atvinnulífsins skilji þessi takmörk og hafi sömu tilfinningu fyrir þeim og fólkið í landinu. Skeytingarleysi í þessu efni gæti orðið hinu tiltölulega unga markaðsfrælsi á Íslandi skeinuhætt.

Skóli fyrir þig?

ERTU STRÁKUR EÐA STELPA Á ALDRINUM 16-25?

Langar þig að stunda skemmtilegt nám:

- í heimavistaraskóla?
- í góðum félagsskap?
- í fögru umhverfi?

Vegna forfalla getum við bætt við nemendum á komandi önn sem hefst 9. janúar.

Uppl. www.hushall.is eða í síma 471 1761

FRÁ DEGI TIL DAGS

Deilt á Brim

Spjót úr ýmsum áttum hafa að undanförmu staðið á Guðmundi Kristjánssyni og sjávarútvegsfyrirtæki hans, Brim. Einhver tortryggni hefur skapast á Akureyri, þar sem Brim hefur umsvifamikinn rekstur, eftir að gerðar voru breytingar á starfsháttum fyrirtækisins, landvinnsla og útgerð aðskilin og vinnslan sett undir hatt sjálfstæðs fyrirtækis. Hefur formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar fullt að þetta sé aðdragandi að því að öll landvinnslan verði flutt úr bænum. Tortryggnin virðist ekki síst skapast af því að Guðmundur er ekki „heimamaður“ á Akureyri.

Til varnar

Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, kemur Guðmundi



Kristjánssyni til varnar í pistli á vefsíðu sinni nú um hátíðirnar. „Ég skil ekki umræðuna um Brim og Akureyri,“ segir hún. „Af hverju ætti Guðmundur Kristjánsson að hætta landvinnslu á Akureyri ef hún er hagkvæm? Hættir hann henni bara af því hann er ekki heimamaður? Þorsteinn Már er heimamaður og samt lagði hann niður aðra vaktina í rækjunni í haust. Af hverju, ef hann er heimamaður? Voru það ekki heimamenn sem á sínum tíma gáfust upp við rekstur ÚA? eru það ekki heimamenn sem selja kvótana burt úr plássum landsins? Af hverju eru menn svona vissir um að útgerð og fiskvinnsla byggji bara á góðgerðarhugsun? Er þetta ekki bara atvinnurekstur, bisness, eins og næstum hver annar?“

Ekki góðgerðarstarfsemi

Svanfríður skrifar: „Ég skil hræðsluna sem skapast af óörygginu. Hún er þekkt í fleiri atvinnugreinum. Ég hef hins vegar undrast það hve tilbúnir menn hafa verið að hrekja Brim í burtu frá Akureyri af því eigandinn er ekki svokallaður heimamaður. Það hlýtur að vera undir létt fyrir Guðmund Kristjánsson að pakka og fara; það reikna hvort er svo margir með því og eru margbúnir að spá því og kveðja. Þó hann hafi aukið landvinnsluna á Akureyri virðist það engu skipta. Hann má ekki hagræða og laga fyrirtæki sitt að aðstæðum, þá hlýtur hann að vera á förum. Ótrúlega margir virðast reikna með því að fiskvinnsla á Akureyri byggji fyrst og fremst á góðgerðarstarfsemi. Það er mikill misskilningur. Ef það eitt nægði þá hefðu hinir gömlu eigendur ÚA aldrei selt.“ gm@frettabladid.is

Með sverði eða verði

Dregin er upp ófögur mynd af frjálshyggjumönnum í tveimur skáldsögum um nýliðin jól. Hinir sterku eftir Kristján Þórð Hrafnsson er um konu, sem giftist frjálshyggjumanni. Hann vill leyfa sölu ólöglegra fíkniefna og er handtekinn fyrir innflutning þeirra í gróðaskyni. Því miður er bókin gersneydd kímni og stillinn jafn þunglamalegur og titillinn, en boðskapurinn virðist vera, að leggja beri áherslu á það, sem sé mönnum sameiginlegt, ekki aðeins á frjálst val einstaklinga.

Barnagælur eftir Öttar Norðfjörð er um ungan alþingismann Sjálfstæðisflokksins, síðlausan mannhatara og frjálshyggjumann, sem er barnaníðingur í tómsundum og myrðir einn félaga sinn af ótta um, að sá ljóstri upp um hann. Ég skal játa, að ég fletti þeirri bók aðeins lauslega, en mér sýndist hún verðskulda hinar hraklegu umsagnir, sem hún hlaut alls staðar, óháð stjórnmalaskoðunum ritdómara.

Þótt þessar skáldsögur væru ef til vill ekki merkilegar, var þar hreyft gamalkunnri mótbáru við frjálshyggju: Hún sé köld og hörð kenning, ef til vill raunhæf um margt í efnahagsmálum, en mannúðarlaus. Frjálshyggjumenn skilji ekki hugtök eins og hjálpssemi og fórnarlund. Þeir viti allt um verð, en ekkert um verðmæti. Þeir miði við skjótfenginn gróða, en stundum verði menn að standa saman, veita hver öðrum aðstoð. Til þess séu almannatryggingar, ókeypis skólar og sjúkrahús, sem frjálshyggjumenn amist við. Menn geti ekki aðeins borið ábyrgð á sjálfum sér, heldur verði þeir líka að taka ábyrgð á öðrum. En samábyrgð, samstaða og samkennd séu frjálshyggjumönnum framandi hugmyndir. Þetta hefur raunar allt

Í DAG FRJÁLSHYGGJA OG SKÁLDSKAPUR

HANNES HÓLM-STEINN GISSURARSON



Þótt þessar skáldsögur væru ef til vill ekki merkilegar, var þar hreyft gamalkunnri mótbáru við frjálshyggju: Hún sé köld og hörð kenning, ef til vill raunhæf um margt í efnahagsmálum, en mannúðarlaus. Frjálshyggjumenn skilji ekki hugtök eins og hjálpssemi og fórnarlund.

verði sagt miklu oftari og miklu betur en í skáldsögum þeirra Kristjáns Hrafnsson og Öttars.

Aðalatriðið er þó, að þetta er rangt. Mótbáran er ekki við frjálshyggju, heldur skrípamynd af frjálshyggju. Engum heilvita manni dettur í hug að neita því, að menn eigi ýmsar skyldur við aðra, sem þeir hafa ekki samið um. Til dæmis ber foreldri að hlyna að sjúku barni sínu og vegfaranda að aðstoða fólk í neyð, verði hann þess var og sé þess umkominn. Í þessum skilningi er vissulega til mannleg samábyrgð. En frjálshyggja snýst ekki um að afneita þessu, heldur að víkka eftir megni út svið hins frjálssa vals einstaklinganna.

Við getum til dæmis verið sammála um að tryggja börnum

lágmarksmenntun óháð efnahag foreldra. En merkir það, að ríkið eigi að reka alla skóla? Og að foreldrarnir megi ekki velja um skóla, sé lágmarksskilyrðum um kennslu fullnæggt? Og að þeir foreldrar, sem hafa mikinn áhuga á betri menntun barna sinna, megi ekki bæta einhverju við úr eigin vasa? Sömu spurninga má spyrja um heilsugæslu. Ásakanir félagshyggjufólks um mannúðarleysi, sem fylgdi sé í frjálshyggju, hitta það einmitt sjálft fyrir. Í félagshyggjunni er fólgið ofbeldi. Þegar einn maður þarf hlut frá öðrum manni, sem er honum ekki vandaþundinn (eins og móðir og barn eru til dæmis), heldur ókunnugur, á hann aðeins tveggja kosta vól. Annar er að neyða handhafa hlutarins með valdi til að láta hlutinn af hendi. Hinn er að bjóða fram greiðslu, sem handhafinn sættir sig við.

Valið stendur um að afla hlutarins með sverði eða verði. Það er aukaatriði, að nú á dögum sveiflar vissulega enginn ræningjabarón sverði, heldur er ofbeldið grimuklætt: Þeir, sem vilja ekki greiða skatta, finna fljótlega fyrir þungum hrammi ríkisins, og lokaúræði þess er auðvitað lögreglukylfan, sverð okkar daga. En hvað er mannúðarlausara en að neyða fólk til að gera það, sem það vill ekki gera?

Kjarni málsins er, að félagshyggjufólk vil beita valdi ríkisins til að ná æskilegum markmiðum, en frjálshyggjumenn treysta á frjáls viðskipti einstaklinganna í sama skyni. Félagshyggjufólk talar margt um hjálpssemi og fórnarlund, en þegar að er gáð, eiga aðrir jafnan að bera með því kostnaðinn, og ef þeir gera það ekki með góðu, þá skulu þeir fá að gera það með illu.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Halldásson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ÍSSN 1670-3871



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 11.17 13.32 15.48
 Akureyri 11.29 13.17 15.05
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

heilsa o.fl.

Ganga
 Sífellt fleiri kjósa að ganga sér til heilsuþátta
 BLS. 2



tíska o.fl.

Útsölur
 Alltaf er hægt að gera góð kaup á vetrarútsölum
 BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagurinn 3. janúar, 3. dagur ársins 2006.

KRÍLIN

Ertu með barn í maganum, frænka, eða hefurðu borðað of mikið?



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is

visir



Stefán Jón með líkamsræktartækið sitt, hornið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heldur sér í formi með hornablæstri

Stefán Jón Bernharðsson er hornleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hornablástur tekur töluvert á lungun svo Stefán Jón þarf að halda sér í þokkalegu formi. Það gerir hann með knattspyrnu og einfaldlega með því að æfa á hljóðferið alla daga.

Stefán Jón er nýútskrifaður úr Tónlistarháskólanum í Ósló en þar spilaði hann knattspyrnu reglulega. „Þegar ég var úti spilaði ég fótbolta tvisvar í viku,“ segir Stefán Jón. „Við skólafélagarnir vorum með lið og æfðum reglulega auk þess sem við spiluðum leiki og fórum á mót.“

Stefán Jón nefnir líka að félagslegi þátturinn sé ekki síðri í boltanum en sá líkamlegi. „Svo var aðstaðan svo góð því við hliðina á skólanum var risa gervigrasvöllur og öll búningaaðstaða til staðar í skólanum.“

Stefán Jón játar að eftir að hann kom heim hafi hann ekki verið nógu dugleg-

ur í líkamsræktinni. „Ég sakna þess að spila fótbolta en það hefur verið svo mikið að gera hjá mér síðan ég kom heim að ég hef ekki komist í neitt reglulegt. Reyndar er ágæt líkamsþjálfun að spila á hornið, lungun eru eiginlega í 100% starfi við það. Það heldur mér í góðu formi og þó að ég sé svo sem enginn íþróttagarpur get ég alltaf tekið sprett án þess að leggjast í götuna eftir.“

Stefán hefur vissulega nóg að gera en hann er fastráðinn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Auk þess hefur hann ferðast víða síðasta árið og tekið þátt í ýmsum keppnum og hlotið nokkur verðlaun. Ferðalögunum er langt í frá lokið en næsti áfangastaður er Svíþjóð en þangað heldur Stefán Jón síðar í mánuðinum.

„Svo á ég líka lítinn strák og eins og flestir foreldrar vita þá er það ágæt leikfimi að eiga börn,“ segir Stefán Jón og í bakgrunnum heyrir stuttu skríkja af ánægju og hefja trommusóló á eldhúspottana.

tryggvi@frettabladid.is

Sjólíðarendur og Súperman

MEÐ NÝJUM TÍMUM KEMUR NÝ TÍSKA.

Þegar nýtt ár hefur runnið upp er gott að vita hvað er í tísku. Ákveðinn klæðnaður, litir, tækniþúnaður og hetjur eru inni árið 2006 og annað dettur út í staðinn.

Inni árið 2006

Aðsniðin píls
 Hlutlausir, klassískir litir
 Beinhvítur
 Grár
 Dökkar gallabuxur
 Sjólíðarendur
 Rokkaralúkk
 Súperman
 iPod video
 Mittisbuxur
 Hylja sig
 Mótorhjólástígvél
 Kúrekar
 Hreinar og beinar línur

Má skilja eftir með árinu 2005

Útvíð píls
 Skærir, ósamstæðir litir
 Skjannahvítur
 Brúnn
 Snjáðar gallabuxur
 Svart/hvítar rendur
 Háskólalúkk
 Batman
 iPod music
 Mjaðmabuxur
 Bera sig
 Stígvél í viktoríönskum stíl
 Sverð- og sandalahetjur
 Óskýrar, flæðandi línur



LIGGUR Í LOFTI

[HEILSA TÍSKA]

Heilsugæslustöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu hafa sameinast í eina stofnun sem ber nafnið Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. Innan hennar verða heilsugæslustöðvarnar í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavík og á Seltjarnarnesi auk Heilsuverndarstöðvarinnar og Miðstöðvar heimahjúkrunar í Reykjavík. Engar breytingar verða á þjónustu heilsugæslustöðvanna við sameininguna, en tvær nýjar heilsugæslustöðvar verða opnaðar í janúar, Heilsugæslan Fjörður í Hafnarfirði og Heilsugæslan Glæsibæ í Reykjavík.

Reykningabann gekk í gildi á Spáni í gær, algert bann við reykingum á vinnustöðum og öðrum opinberum stöðum. Spánverjar eru þekktir fyrir reykmættaða bari sína og nú eru veitingastaðir skikkaðir til að bjóða upp á reyklusvæði. Reykingabannið veldur miklum titringi meðal vanafstra spænskra reykingamanna.



Kate Moss fékk uppreisn æru þegar hún var valin best klædda kona ársins 2005 að mati margra tískufrömuða og tímarita. Fékk hún mikið lof fyrir óaðfinnanlegt útlit og að vera ávallt smekklega til fara þrátt fyrir neikvæða athygli vegna fikniefnamisferlis. Sienna Miller er talin næstbest klædda konan og á eftir henni kemur Gwen Stefani.

Kafbátur mánaðarins Skinkubátur

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



7 SUBWAY kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna



Gildir í janúar 2006
 Gildir ekki í Stjórnunámi
 Gildir ekki með öðrum tilboðum

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu. Nánari uppl. á www.subway.is

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 598

SUBWAY



YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Glucosamin HCL 870 mg
Með turmeric og engifer
Bólguýðandi og gott fyrir liðamót og bein.
Póstsendum um land allt
Pekking - reynsla - góð þjónusta
s: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsöluastaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lífandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Rope Yoga
Skráning er hafin
Námskeið hefjast 9. janúar
Elin Sigurðardóttir
Rope Yoga meistarakennari
Íþróttfræðingur
Kripala nuddari
Sporthúsið, Koparögi
www.elin.is & sími 696-4419

Plokkfiskur – tilboð 590 kr/kg
Glæný línuýsa Glæný stórlúða
Mikið úrval af tilbúnum fiskréttum
Nýsteiktar fiskibollar

Fiskbúðin Álfheimum Álfheimum 4 553 8090	Fiskbúðin Reykjavíkurvegi Reykjavíkurvegi 68 564 2783	Fiskbúðin Dunhaga 18 S: 517 3326
--	---	---

Fit • PILATES
Leikfimi með risastóru æflingaboltunum
Stéttur magi - Sínn læri
Morgun- hádegis- síðdegis- og kvöldtímar
Skráning í síma 896 2300 nánari upplýsingar á
www.einka.is

Latabæjar
vítamín
meiri krakkakraftur



Margir notuðu fyrsta dag ársins til að hreyfa sig og anda að sér hreinu lofti á göngustígum höfuðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Út að ganga á höfuðborgarsvæðinu

Útiganga er svo sannarlega nýtsamlegur kostur fyrir þá sem strengt hafa áramótaheit. Göngutúr um bæinn er góð hreyfing, kostar ekki neitt og ferskt loftið fyllir bæði líkama og sál.

Nú þegar drjúgur þorri landsmanna hefur strengt áramótaheit um meiri hreyfingu og bætt líf-erni eru margir sem gleyma einföldum lausnum. Það þarf ekkert endilega að byrja á því að hlaða sig upp af einhverjum fæðubótar-efnum og kaupa sér árskort í líkamsræktarstöð. Oftast þarf lítið annað en að klæða sig vel, opna útidyrarhurðina hjá sér og byrja að ganga.

Úmsar leiðir er hægt að fara innan bæjarmarkanna og í raun gera margir sér ekki grein fyrir öllum þeim valmöguleikum sem í boði eru. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, má sjá yfirlitskort af öllum göngu- og hjólræðastígum höfuðborgarsvæðisins. Í öllum sundlaugum bæjarins er einnig hægt að finna kort af fjölbreyttum göngu- og hlaupaleiðum í nágrenni þeirra. Þannig má til dæmis sameina tvo heilsuþætandi þætti, göngu og sund.

Þannig er að þvi að lyfseðlar verði sendir frá stofnun- um heilbrigðiskerfisins til apótekanna á rafrænu formi fyrir árslok 2006.

Bjarney Sigurjónsdóttir hjá Útivist segir að það sé helst úti- veran sem gefi slíkum göngum sérstöðu. „Við erum flest að vinna inni allan daginn og að þurfa ekki að fara lengra en þetta á svona fal- lega staði er það sem mér finnst skipta öllu máli,“ segir Bjarney og bætir við að margir noti einn- ig göngustafi til þess að fá heil- steypitari hreyfingu. „Brennslan verður önnur þar sem þú ert að hreyfa efri hluta líkamans jafn- mikið og þann neðri. Þannig að þú færð miklu meiri hreyfingu og meiri brennslu.“

Það eru því fjölbreyttir mögu- leikar til staðar fyrir þá sem ætla að efna áramótaheit sín um bættu heilsu en eru samt ekki alveg til- búnir til að fara í líkamræktar- stöðvarnar eða einfaldlega komn- ir með leið á þeim.

Heilsuvör- markaður
Opíð virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lífandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Ef maginn fer í ólag þá getur Silicol hjálpað.

Silicol bindur bakteríur og önnur skaðleg efni í maga og gerir óvirk.

Silicol fæst í apótekum um allt land.

Rafrænir lyfseðlar

Stefnt er að því að lyfseðlar verði sendir frá stofnun- um heilbrigðiskerfisins til apótekanna á rafrænu formi fyrir árslok 2006.

Nýlega var gert samkomulag þess efnis að lyfseðlar verði sendir rafrænt frá læknum til apóteka. Heilbrigðisráðu- neytið í samvinnu við TM Software samdi um að búa til tæknilega lausn á framkvæmdinni. Samningurinn um rafræna kerfið tekur til flestra heilsu- gæslustöðva og heilbrigðisstofnana landsins og nokkurra sjúkrahúsa og er stefnt að því að kerfið verði tekið í notkun fyrir árslok 2006. Eftir að þetta er komið í gagnið verður hafist handa við að koma lyfseðlum frá sérfræði- læknum á rafrænt form.

Árið 2004 var heild- arfjöldi lyfseðla tæplega 1.900 þúsund og voru um 900 þúsund þeirra frá heimilislæknum sem er um 47 pró- sent. Með nýja kerfi- nu er stefnt að því um 90 prósent lyf- seðla heimilislækna

Stefnt er að því fyrir árslok 2006 að lyf- seðlar verði sendir rafrænt til apótekanna og mun þetta fyrirkomulag skapa mikla hagræðingu.

og 50 prósent lyfseðla almennra lækna og lyflækna verði send rafrænt, sem svarar til um helmingis allra lyfseðla.

Þetta verkefni mun skapa mikla hagræðingu að sögn heilbrigðismála- ráðuneytisins og á sú hagræðing bæði við um lækna sem skrifa lyfseðlana, apótekin sem taka við þeim beint inn í sín kerfi og síðast en ekki síst felst í rafrænni afgreiðslu aukid öryggi og bætt þjónusta við almenning.




Bonviva fæst nú í töflum sem þarf bara að taka einu sinni í mánuði.

Lagar bólgur og eymsli

Anoxunarvörnin AstaZan er sögð koma í veg fyrir og laga ýmsa kvilla.

Ný andoxunarvörn, AstaZan, er komin á markað. Hún er talin ein sú besta sinnar tegundar og hefur margvíslegar verkanir. AstaZan kemur meðal annars í veg fyrir og lagar harðsperrur, bólgur og eymsli í vöðvum og sinum. Vöðvarnir jafna sig fyrr eftir vinnuálag og þrekæfingar, sinaskeiðabólga minnkar og jafnvel hverfur. Ennfremur styrkir AstaZan melanín-framleiðslu húðarinnar og minnkar líkur á sólbruna.

AstaZan er unnið úr astaxanthin sem er hluti af ferskvatnsþörungum, ræktuðum eftir ströngum gæðastöðlum.



AstaZan minnkar meðal annars sinaskeiðabólgu.

STAFGANGA Í LAUGARDAL

5 vikna námskeið fyrir byrjendur (10 tímar)
hefst þriðjudaginn 10. janúar kl. 17:30.
Tímar fyrir lengra komna á
þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30

Skráning og nánari upplýsingar á www.stafganga.is
eða í sínum 616 8595 / Guðný Aradóttir - stafgöngupjálfari
694 3571 / Jóna Hildur Bjarnadóttir - stafgöngupjálfari

www.stafganga.is – áhrifarík leið til líkamsræktar



Ropeyoga í Mjódd



Ný námskeið hefst 9. janúar

Lokaðir 6 manna hópar

Upplýsingar og skráning í síma 694-2595

Þórdís Sigfúsdóttir
Ropeyogakennari

Tímatafla á kaerleikssetrid.is

Fyrirbyggir beinbrot

Nýtt lyf við beinþynningu kom á markað nú um áramótin.

Lyfið Bonviva er í 150 mg töflum og er notað við beinþynningu hjá konum eftir tíðahvörf til að draga úr hættu á samfallsbrotum í hrygg. Ráðlagður skammtur lyfsins er ein tafla á mánuði og helst á að taka töfluna á sömu dagsetningu hvers mánaðar, eftir næturföstu og að minnst kosti einni klukkustund fyrir fyrstu máltíð. Virka efnið í lyfinu er íbandrónsýra og er það

af flokki bifosfónata. Bonviva eru hvítar eða beinhvítar filmuhúðaðar töflur, ílangar að lögun, merktar „BNVA“ öðrum megin og „150“ hinum megin. Gleypa á töflurnar í heilu lagi með glasi af vatni meðan sjúklingur situr eða stendur upp-réttur. Síðan á hann ekki að leggja næstu klukkustund eftir töku töflunnar. Rannsóknir sýna að 150 mg Bonviva einu sinni í mánuði sé að minnsta kosti jafn áhrifaríkt og 2,5 mg af Bonviva daglega við að fyrirbyggja beinbrot.

Byrjaðu árið með því að hugsa vel um heilsu þína! **HREYFI LAND**

Viltu komast í form á heilsusamlegan hátt og hafa barnið þitt með þér á meðan þú þjálfar?

Mæðrafimi | Meðgöngujóga | Bumbufimi | Dansleikfimi 20+ Einkapjálfun | Fitubrenslu námskeið | Tækjasalur

HREYFI LAND er fjölskyldu- og barnvæn líkamsræktarstöð síðan 2003

sími: 577 2555 og 899 7255 | Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík
www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is

PILATES

GÓLFÆFINGAR

Hin vinsælu pilates gólfæfingarnámskeið Jóhanns Björgvinssonar hefst mánudaginn 9. janúar. í boði eru 10 tíma byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir alla aldurshópa.

í boði eru morguntímar kl: 8-8.50 og hádegistímar milli kl: 12.10 og 13.00 alla daga vikunnar.

Kennslustaðir: Ballettskóli Guðbjargar Björgvins, Eiðstorgi og Fimleikafélagið Björk, Hafnarfirði.

Skráning hafin í síma 865-8723 og á joipilates@hotmail.com

Pilates bætir: orku og velliðan • sveigjanleika og styrk • líkamsstöðu • verki í baki, háls og öxlum • stress

Hefurðu 30 mínútur aflögu fyrir heilsuna Eyddu þeim skynsamlega hjá okkur!

Líkamsrækt fyrir konur



- Yfir 4 milljónir kvenna víða um heim hafa náð árangri hjá Curves
- Við hjá Curves styðjum þig og aðstoðum við að ná settu marki
- Tækin okkar eru hönnuð fyrir þig, hæfa líkamsburðum þínum og eru einföld í notkun.
- Þú getur æft á yfir 10.000 Curves stöðvum víða um heim
- Viðskiptavinir okkar koma af því að þeir þurfa þess en halda áfram af því að þá langar til þess.

Sérstök tilboð fyrir fyrirtæki og starfsmannafélög.

Curves
The power to amaze yourself.™

Hringdu núna og pantaðu frían prufutíma og mælingu

Sími 566 6161
Bæjarlind 12

50% afsláttur
af þjónustugjaldi

www.curves.com



Útsalan byrjuð!

Flottur fatnaður á alla fjölskylduna
Leikföng, ljós, verkfæri, gjafavara, skartgripir, fæðubótarefni ofl. ofl.

Mikil lækkun á mörgum vöruflokkum

Snyrtivara 2 fyrir 1

BM Austurhrauni 3, Gbæ
www.bmagnusson.is
B. MAGNÚSSON HF. Opíð 10-18 og lau 11-14



Janúarútsölurnar eru annaðhvort hafnar eða að hefjast í öllum helstu tískuvörverslunum bæjarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚTSALA -30%

NAPS CONNECTION
HÉÐASMÁRÁ 4 • SÍMI 544 3353

Útsölur eins mismunandi og þær eru margar

Aldrei er hægt að gera betri kaup í tiskuverslunum landsins en á janúarútsölum þeirra. Formlega byrja útsölur í Smáralind í dag en annars staðar í kringum næstum helgi. Í sumum verslunum var þó þjófstartað og útsölur hófust strax milli jóla og nýárs.

Við Íslendingar þurfum að búa við þá sorglegu staðreynd að hér er eitt hæsta vöruverð í heiminum. Það er þó ekki þar með sagt að ekki sé hægt að gera góð kaup. Janúarmánuður er án efa sá tími þar sem mestar líkur eru á hagstæðum kaupum.

Í sumum verslunum hófust útsölur strax eftir jólin og aðrar

hafa verið með ýmis tilboð, eins konar forútsölur. Spútnik er til dæmis ein þeirra verslana sem boðið hefur upp á slíkt. Útsalan hjá þeim auk helstu annarra verslana með notaðan fatnað hefjast í kringum næstu helgi.

Upphafsdagur útsölu er ekki samræmdur í miðbænum. Í flestum verslunum hefjast þær þó öðru hvoru megin við næstu helgi.

Verslanir í bæði Smáralind og Kringlunni hefja langflestar sínar útsölur á sama tíma. Í Smáralind hefjast þær í dag en í Kringlunni hefjast þær nú fyrir helgina.

Eins og gefur að skilja eru útsölur afar mismunandi eftir verslunum. Flestar verslanir NTC, Sautján, Deres og fleiri, bjóða sem dæmi upp á afslátt á sérvöldum vörum. Þannig er því einnig háttað í Top Shop. Í öðrum

verslunum er allt haft á útsölu, til dæmis í verslunum Res í Kringlunni, Warehouse, All Saints, Shoe Studio og fleirum, þar sem allar vörur í verslunum eru á 30% afslætti. Spútnik hefur undanfarnin ár boðið upp á svokallaða kílóútsölu þar sem hægt er að kaupa fót á kílóverði. Margar verslanir byrja einnig sínar útsölur rólega en gefa svo í síðustu vikurnar og bjóða enn frekari afslátt.

Eitt er víst að það er um að gera að vera vakandi yfir janúarútsölum og gott er að gefa sér tíma til að grúska svolítið og kanna vel hvert úrvalið er. Fatnaðurinn á vetrarútsölunum er nefnilega oft á tíðum vel gjaldgengur heilsársfatnaður í okkar svála loftslagi og því að vissu leyti eigulegri en sá fatnaður sem býst á sumarútsölunum.

steinthor@frettabladid.is

Útsalan hefst á morgun

IANA

Laugaveg 53 s. 552 3737
Opíð mán. - föst. 10 -18 • Laugard. 10 -16

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

VÍSIR VEF-TV

HORFÐU EINS OG ÞÉR SÝNIST!

allt tíska

Alla fimmtudaga



Glingur á fingur

Stórir og glitrandi hringir eru vinsælir þessa dagana. Þeir þurfa ekki að vera dýrir þótt þeir séu flottir.

Til að toppa dressið er flott að setja fallegan hring á fingur. Stór og stæðilegur, glitrandi og glansandi, málið er bara að hafa hann nógu áberandi. Það er í tísku að skarta stórum hring og þess vegna er úrvalið gott í bænum, bæði hvað varðar fína, frekar dýra hringi og einnig ódýrari tiskuhringi.

Í Spútnik við Klapparstíg eru til sjóðandi heitir skvísuhringir á frábæru verði og ávaxtagjafa-öskjurnar gera þá enn girnilegri. Svaka sæt gjöf á nýju ári.

Hringarnir kosta allir 2.800 krónur og fást í Spútnik.



ÚTSALA

Hefst í dag kl. 13

30-50%

Afsláttur

DIESEL	gallabuxur	frá:	5.990
HENSON	peysur	frá:	3.990
NIKE	skór	afsl.	-50%
SPARKZ	hettupeysur		1.990
DIESEL	skór	frá:	2.990
NIKE	skór	afsl.	-50%
RESQUE	úlpur		4.990

einnig 10% afsláttur af nýjum vörum

LEVI'S DIESEL CONVERSE HENSON
NIKE ADIDAS RESQUE SPARKZ

Deres

kringlunni s. 533 1717

ÚTSALAN

HEFST Í DAG

30-60%

AFSLÁTTUR

NIKITA G-STAR G-SUS TRUE
DIESEL 4-YOU FORNARINA
SPARKZ MISS SIXTY LEE

Smáralind s.568 5877
Kringlunni s.512 1742

allt

matur

Alla föstudaga



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR

- GELNEGLUR
- HANDSNYRTING
- FÓTSNYRTING
- VAXMEÐFERÐIR
- ANDLITSBÖÐ
- LITUN OG PLOKKUN
- BRÚNKUMEDFERÐIR
- HÚÐSLÍPUN
- SÝRUMEDFERÐIR

S N Y R T I S T O F A N
SALON rit2
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

**Útsalan hefst
á morgun
kl 10:00**

**40%
afsláttur**

ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

ÓTRÚLEG ÚTSALA A SKOM **QUITLET**
FISKISLÓÐ 75

Haust- og vetrarskór á góðu verði

STAFERK 41-47,5
4.900,-

STAFERK 36-41
3.000,-

STAFERK 36-41
1.900,-

STAFERK 36-41
2.500,-

OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (við á Grandi), 101 Reykjavík, s:514-4407

XIB **SKECHERS!** **every1**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Herrataska og raksett kr. 7.482 og kr. 4.730

Bæði fyrir konur og karla

*Nýverið var opnuð ný snyrti-
vöruverslun á Laugavegi 7.*

*Hún er glæsileg útlits og hefur
margt að geyma.*

Fyrir skömmu var opnuð ný snyrtivöruverslun í nýuppgerðu húsi við Laugaveg 7. Þar eru Þórarinn Stefánsson og Rósa Rúnu-dóttir við stjórnvölinn.

Verslunin hefur hlotið nafnið Maður og kona og þar er að finna veflestar snyrti- og fördunarvörur fyrir bæði kynin ásamt ágætu úrvali af ýmiss konar smávöru, skarti, tösikum og fleiru.

Þórarinn er enginn nýgræðingur í snyrtivörubransanum. Hann átti og rak heildverslunina Th. Stefánsson um árabíl þar sem megináhersla var lögð á snyrtivörumerkjin Guerlain, Chanel og Orlane en þau eru einmitt á boðstólum í Manni og konu ásamt öðrum flottum merkjum eins og Cartier, Elizabeth Arden, Dolce & Gabbana, Nina Ricci og fleira.

Verslunin er afar glæsileg útlits, svarti liturinn sem tröllríður tískuheiminum öllum um þessar mundir er við völd og blóðrauður kristall hangir úr loftinu. Þarna fæst allt snyrtivörukyns sem hugurinn gírnist, bæði fyrir konur og karla, eins og nafnið gefur til kynna.



Stór loð- og leðurtaska B. Wilde kr. 49.710



Guerlain-varalitir kr. 2.100



Armband kr. 3.303



Lambaskinnstreffill kr. 6.775



Gulltaska kr. 3.653



KALLARNIR DILLA SÉR HJÁ LÁRU

Refsar fyrir uppgjöf SJÁ BLS. 4

TILBOÐ

sjá miðju heilsublaðsins
í dag


www.isf.is



[SÉRBLAÐ UM HEILSU OG LÍKAMSRÆKT – ÞRIÐJUDAGUR 3. JANÚAR 2006]

heilsublaðið

PRETABLAND/GETTY IMAGES



EFNISYFIRLIT

Býr næstum í Klifurhúsinu

Valdimar Björnsson klifurgarpur BLS. 2

Karlarnir dilla sér hjá Láru

Þeim er refsað sem gefast upp BLS. 4

Allir fæðuflokkar nauðsynlegir

Hin gullni meðalvegur mataræðisins BLS. 6

Árangursrík vatnsþjálfun

Skriðsund og vatnsleikfimi BLS. 8



Hugað að hjartanu

Fyrirbyggjandi aðgerðir BLS. 10

Líkamsrækt fyrir þenkjandi fólk

NIA í Laugum BLS. 12

Þrefalt átak

Ræktin á Akureyri BLS. 14

Líkamsrækt í vatni

Öðruvisi þolfimi BLS. 16

Hin fullkomna hreyfing

Dansleikfimi BLS. 23

Náttúrulegar íslenskar snyrtivörur

Lífræn rotvarnarefni BLS. 24

JANÚAR

Kafbátur mánaðarins **Skinkubátur**

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

7 **SUBWAY** kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna



Gildir í janúar 2006
Gildir ekki í Stjórnunáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu. Nánari uppl. á www.subway.is

6 tommu bátur **kr. 299**

12 tommu bátur **kr. 598**

SUBWAY

Geðorðin 10

- leið að betri geðheilsu

Geðrækt hefur dreift segulmottum til allra landsmanna undanfarið sem minna á Geðorðin 10.

„Allir hafa geðheilsu og því koma geðheilbrigðismál öllum við,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Geðræktar, sem ætlað er að fræða fólk um geðheilbrigði og geðraskanir, um forvarnir og eflingu geðheilbrigðis og draga úr fordómum.

„Geðorðin 10 eru einföld ráð en mikilvægur leiðarvisir í daglegu lífi. Með því að rækta eigin heilsu andlega, líkamlega og félagslega erum við betur í stakk búin til að mæta því sem á vegi okkar kann að verða í lífsins ólgu sjó án þess að brotna. Með því að hlúa að eigin geðheilsu verðum við einnig færari um að gefa af okkur og veita stuðning þeim sem á þurfa að halda.“



Geðorðin 10:

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara.
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um.
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir.
4. Lærðu af mistökum þínum.
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina.
6. Flæktu ekki líf þitt að öþörfu.
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig.
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup.
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína.
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast.



Segulmottan með geðorðunum 10.

Blöðruhálskirtilskrabbamein

Áttundi hver íslenskur karlmaður getur búist við að greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein fyrir 85 ára aldur, en sjúkdómurinn er algengasta krabbamein í karlmönnum á Vesturlöndum. Eftir því sem menn lifa lengur aukast líkur á sjúkdómnum, en á Íslandi greinast að meðaltali 176 karlmenn með blöðruhálskirtilskrabbamein á ári hverju. Meðalaldur þeirra eru 72 ár, en aldur og fjölskyldusaga auka líkurnar á blöðruhálskirtilskrabbameini.

Margir karlmenn veigra sér við skoðuninni á þeim forsendum að hún sé óþægileg - en þó getur hún varla talist óþægilegri en reglubundnar krabbameinsskoðanir kvenna. Karlmenn sem komnir eru yfir fimmtugt, og þá sérstak-



Blöðruhálskirtilsskoðun er óþægileg, en getur bjargað lífi manna.

lega þeir sem vita af blöðruhálskirtilskrabbameini í ætt sinni, eru því hvattir til að drífa sig í skoðun árlega, en staðbundið krabbamein í blöðruhálskirtil veldur oft litlum sem engum einkennum.


Líkamsrækt í vatni

Finnur þú fyrir verkjum í fótleggjum eða baki við líkamspjálfun?

Þegar æft er í vatni minnkar álag um liði þar sem áhrif þyngdarkraftsins minnka. Það verður því auðveldara að þjálfar upp úthald og styrk án þess að það valdi of miklu álagi á liðina.

Bæði rólegir og kröftugir tímar í hádeginu og eftirmiðdaga, undir leiðsögn sjúkraþjálfara, í hlýrri og bjartri sundlaug við Laugarás.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 897-2896
: Netfang: harpahe@hi.is



Valdimar segir það mikilvægt að þekkja sín takmörk og jafnvægi sitt.

FRETTABLAÐIÐ/CVA

Býr næstum í Klifurhúsinu

Valdimar Björnsson er með allra bestu klifurgörpum á landinu. Hann segir að hann gæti nánast flutt lögheimili sitt í Klifurhúsið, enda æfir hann þar oft í viku og vinnur þar að auki.

„Fyrir mér snýst klifur einna helst um styrk og liðleika. Það er mikilvægt að vera í líkamlega góðu ástandi, en það að þekkja sín takmörk og sitt jafnvægi er einnig mikilvægt. Svo hjálpar líka að vera léttur, sérstaklega þegar maður ætlar sér að ná árangri,“ segir Valdimar.

Valdimar segist æfa 3-5 sinnum í viku í Klifurhúsinu en auk þess vinnur hann einnig í Klifurhúsinu. „Það mætti segja að þetta sé bara lögheimili manns, en sem betur fer er það ekki,“ segir Valdi, sem er 21 árs að aldri og hefur klifrað af krafti í rúm sex ár.

Valdimar segist hafa eytt nánast öllum helgum síðasta sumar í klifri, hann fór mest á klifursvæðið austur á Hnappavöllum, en klifraði einn-

ig í Gerðubergi og Vatnsdal. Hann segist hrifinn af þessum klifursvæðum en bætir einnig við: „Ef það er útiklifur, þá er ég hrifinn af því.“ Valdimar er einn þrjúgjá Íslendinga sem hafa klifið leiðina Sláturhúsið sem er gráðuð 5.13b (8a). Hann segist stefna á að klifra leið af gráðunni 5.13d (8b) á næsta ári og verða þar með annar Íslendingurinn til að klifra leið af því erfileikastigi.

Valdimar hefur klifrað erlendis og hreifst mikið af klifursvæðunum í kringum Barcelona á Spáni. Aðspurður að því hvert hann stefni í klifrinu segir hann að hann vilji bara klifra sem mest og takast á við nýja hluti, alls ekki lenda í því að vera að gera sömu hlutina aftur og aftur. Hann segir klifurþróttina á mikilli siglingu hér á landi, margir

efnilegir stundi sportið og hann spái því að eftir rúm 5-10 ár verði hér fjöldinn allur af góðum klifurum.

Klifurhúsið er annar tveggja staða á landinu sem eru opnir almenningi í innanhúsklifri en ásamt honum er klifurveggur hjá Fimleikafélaginu Björk. Klifurhúsið er helsta miðstöð klifrara á Íslandi og þar er á ári hverju haldin mótaröð sem gefur Íslandsmeistararitil í grjótglimu. Grjótglima er sú tegund klifurs sem er stunduð án reipis, þar sem sá sem þá stundar tryggir sig ekki. Þetta sport er nær ávallt stundað yfir dýnum og í Klifurhúsinu eru dýnur undir öllum veggjum. Klifurhúsið, sem er í Skútvoggi 1G, er opið alla daga vikunnar.

Pilates-tímar í Hreyfingu

Stott-Pilates þjálfunin hefur verið að ryðja sér rúms í heiminum seinustu árin og er afar vinsæl í líkamsræktarstöðinni Hreyfingu í Faxafeni í Reykjavík.

„Þetta er alveg rosalega gott æfingakerfi og gríðarlega vinsælt. Við höfum verið með þessa tíma í tvö ár og vinsældirnar eru alltaf að aukast eftir því sem fleiri prufa,“ segir Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar. „Fólk er mjög ánægt með árangurinn sem það nær og þá kannski helst hvað það lærir mikið nýtt. Jafnvel fólk sem hefur verið í annarri þjálfun árum saman og fer í Pilates lærir helling og þjálfar líkamann upp á nýtt því áherslan hér er lögð á að hjálfa út frá miðju líkamans.“

Pilates-æfingakerfið var upphaflega hannað í byrjun síðustu aldar fyrir atvinnudansara, en síðustu áratuginu hefur kerfið verið þróað fyrir almenning. Stott-Pilates kerfið, sem kennarar Hreyfingar eru sérþjálfadír í, er sérlega hentugt fyrir venjulegt fólk, en það var unnið í samvinnu við sjúkraþjálfara, að sögn Ágústu.

„Aðallega eru þetta konur sem koma í þessa tíma, en þeir eru ekki síður nytsamlegir fyrir karla því þegar maður þjálfar miðju líkamans, þá styrkir maður mikið bakvöðvana. Þeir hefðu margir mjög gott af Pilates-tímunum,“ segir Ágústa.

Mest eru tólf manns í hverjum tíma, sem tryggir það að hver og einn nýtur ýtarlegrar kennslu og leiðbeinslu kennarans.

Auk hefðbundinna líkamsrækt-



Ágústa Johnson í Hreyfingu segir Pilates-æfingakerfið vera sífellt vinsælla, en kerfið var hannað fyrir atvinnudansara í byrjun síðustu aldar.

ar- og þolfimitíma býður Hreyfing upp á barnagæslu fyrir börn á öllum aldri, sem er þjónusta sem getur komið sér afar vel fyrir margt

foreldrið. Um sextíu manns starfa í líkamsræktarstöðinni og þeirra á meðal er næringarfræðingurinn Ólafur G. Sæmundsson.



20%
kynningar-
afsláttur

Betri heilsa fyrir alla fjölskylduna

með Windmill vítamínum og bætiefnum

Windmill línan er nú er loks fánleg á Íslandi og fæst aðeins í Lyf & heilsu.
Byggjum okkur upp með góðum vítamínum og bætiefnum
og öðlumst betra líf með Windmill.

Þú færð mikið úrval af Windmill vörum í öllum verslunum Lyf & heilsu.

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

heilsa }

Össur Skarphéðinsson alþingismaður stundar líkamsrækt reglulega en segir ekki alla ánægða með árangurinn. „Á minni heimili hefur það verið rætt nokkuð alvarlega af kvenlegg klansins hvort ekki sé rétt að byrja nýtt ár á því að taka af mér ísskúpsleyfið eftir miðnætti á sérhverri nóttu. Það hefur að vísu ekki enn unnið heilsu minni fjörtjón en hefur ekki lagt grunn að heilbrigðri elli að þeirra mati.“ Hann segist ætla að leggja enn harðar að sér á nýju ári. „Ég hef lofað því að í ár muni ég nota það góða heilsuræktarkort sem ég hef fjárfest í af miklu meiri alúð og einurð en á árinu sem leið. Takmarkið er að enda árið örllítið létt-



ari í efninu en ég hóf það og vonandi jafnléttur í andanum líka.“



Börn læra wushu í Heilsudrekanum í Skeifunni.

Kínversk leikfimi fyrir börn

Í Heilsudrekanum í Skeifunni geta börn æft kínversku leikfimina wushu allt frá fjögurra ára aldri.

Wushu-leikfimin er blanda af íhugunaræfingum, teygjum, kung fu og tai chi sem gagnast öllum og þá ekki síst börnum.

„Þau hafa rosalega gaman af þessu. Wushu æfir einbeitingu krakkanna, sjálfstraust og byggir líkamann,“ segir Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans. „Þau læra að nota heilann og stjórna fínreyfingum sínum.“

Wushu-leikfimin byggir á samspili ævafornar bardagalistar og íhugunar, en kínversk leikfimi á almennt rætur sínar að rekja til fornra varnarbragða. Jafnframt snúast æfingarnar að mestu leyti um að koma á jafnvægi milli huga og líkama og liggur þar ævagömul heimspeki að baki. Leikfimin vinnur bug á streitu, svefnleysi og meltingartuflunum og segir Quin hana bæði kenna óstýr-

látum börnum aga og draga hin hlédrægari út úr skelinni.

„Þetta er mjög fjölbreytt, sambland af kraftæfingum og rólegri. Við notum grunnaðferðir sem hjálpa börnum að slaka á,“ segir Qing, sem sjálf hefur stundað kínverska leikfimi frá fimm ára aldri.

Yngri börn æfa tvisvar í viku, en börn eldri en átta ára mæta allt að fjórum sinnum í viku.

Qing segir það mikilvægt fyrir líkama og sál að snemma á ævinni séu lögð drög að því að byggja einstaklinginn upp, því grunnurinn sé svo mikilvægur. „Þetta er eins og að reisa hús, grunnurinn þarf að vera traustur svo hægt sé að byggja ofan á hann.“

Wushu-námskeiðin fyrir börn kosta 16.900 og vara í þrjá og hálfan mánuð.



Hörkuæfing hjá Láru Örlýgsdóttur í Hress.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Karlarnir dilla sér hjá Láru

Ef þú gefst upp og ferð út úr tíma hjá Láru Örlýgsdóttur, líkamsræktarþjálfara í Hress í Hafnarfirði, er þér refsað með 150 armbeygjum í næsta tíma - sem bætast við þessar 75 sem allir taka í hverjum tíma.

„Ég held uppi aga, þetta er mikið púl fyrir þá. Það eru 50 armbeygjur í refsingu ef þeir mæta ekki og ef þeir mæta of seint fá þeir fleiri armbeygjurefsingar,“ segir Lára Örlýgsdóttir, Les Mills-þjálfari í Heilsuræktinni Hress í Hafnarfirði, en Les Mills-kerfið er nýsjálenskt æfingakerfi.

Lára þjálfar tvo hópa af körlum þrisvar í viku og rekur hún þá áfram með harðri hendi. Námskeiðin vara í átta vikur og er körlunum frjálst að mæta eins og þeir vilja í Hress þess á milli. „Þeir fá náttúrulega plús í kladdann fyrir hverja mætingu,“ segir Lára.

Karlarnir æfa sig í æfingastöðv-

um, hjóla, fara út að hlaupa, fara í pallaleikfimi og dansa.

„Þeir þurfa að prófa allt sem konurnar gera. Þeir standa oft og horfa á konurnar og dást að þeim dilla sér, en fara aldrei inn sjálfir, þannig að ég nota tækifærið meðan ég hef agann á þeim,“ segir hún og hlær dátt.

Markmiðin eru afar persónubundin, en Lára er mikið í mun að byggja bæði upp líkamlegt og andlegt þol karlanna, sem og vöðvana og þrek. „Við konurnar erum oft þrautseigir en karlarnir, en þá vantar oft þrek í að halda út það sem þeir eru að gera,“ segir Lára.

Karlarnir í hópunum hennar eru á aldrinum um tvítugt upp í sjötugt og eru allt frá verkamönnum upp í fyrirtækjaeigendur og framkvæmdastjóra. „Það skiptir engu máli hvort þú ert grannur eða pattaralegur, þetta er skemmtileg blanda og byggist upp á stuðningi í hópunum. Ef þú mætir ertu líka að mæta fyrir hina,“ segir Lára og bætir við að konur sumra hafi komið til sín og kvartað yfir of miklum harðsperrum í mönnum þeirra.

Þó er Lára ekki of hörð við þá. „Það hefur enginn sagt nei við neinu sem ég bið þá um að gera og er ég þó búin að láta þá prófa ýmislegt,“ segir hún og skellihlær.

Keppir í Fitness í Rúmeníu

Yesmine Olsson, einkaþjálfari og dansari, mun halda til Rúmeníu til þess að taka þátt í keppninni Fitness Woman World Grand Prix fyrir Íslands hönd í lok febrúar.

„Þetta er sama keppnin og ég tók þátt í í fyrra, nema núna er hún haldin í Búdapest,“ segir Yesmine Olsson, sem tók þátt í Fitness Woman keppninni í Malasíu í fyrra ásamt annarri íslenskri stúlku, Kristjönu Thors Brynjólfsdóttur. Fitness Woman er hreysti- og fegurðarsamkeppni þar sem dæmt er út frá kvenlegum línunum, fegurð og danshæfileikum keppenda. Þar sem aðeins má vera einn keppandi frá hverju landi fyrir sig kom Kristjana fram fyrir hönd Íslands en Yesmine fyrir hönd Svíþjóðar, en hún er bæði sænsk og íslenskur ríkisborgari. Yesmine lenti þá í áttunda sæti og var boðið að taka þátt í ár. Hún ætlar nú að mæta fyrir Íslands hönd.

„Ég hef verið að hvíla mig aðeins yfir hátíðarnar í Svíþjóð, en fór samt mikið út að labba og passaði matinn aðeins, en ekki of mikið svo pabbi yrði ekki reiður,“ hlær Yesmine, sem starfar sem einkaþjálfari hjá World Class Laugum og kennir dans.

„Svo fer ég bara á fullt að þjálfna núna.“

Yesmine Olsson heldur til Rúmeníu í lok febrúar til þess að keppa fyrir hönd Íslands í Fitness Woman World Grand Prix keppninni.



Nuddolíurnar frá Urtasmiðjunni 100% náttúrulegar jurtaolíur með Omega3 og 6 sem innihalda mikilvæg næringarefni fyrir húðina.

Vöðvaolía, gígatarolía, kröftug nuddolía fyrir vöðvabólgu, auma og stírða liði. Róar sínadrátt. Slökunarolía, róandi og slakandi á streitu. Með rósa-, cedrus- og lofnarblómaolium. Rómantik, sérvaldar olíur og jurtir. Heillandi ilmur fyrir rómantískar stundir. Fibromýa, fyrir mjúkt nudd á aum svæði. Með rósmarín- og vermandi engiferolíu. Notist einnig á appelsínuhúð.



Söluastaðir: Reykjavík: Yggdrasil Skólavörðust.16, Maður lífandi Borgart. 24, Hæðasmára 6, Snýrtistofan Valdís, Bauganes 25a, Hafnarfjörður: Fjarðarkaup. Selfoss: Lyfja Austurv. 44, Keflavík: Blómaval. Sauðárkrúkur: Nudd og Stratastofan Skagfirðingabr. 6, Akureyri: Heilsuhorníð Glerártorgi, Blómaval, Apotekarinn Hafnarstr. Urtasmiðjan, pantanir, sími 462 4769, netf. gigja@urtasmiðjan.is

Urtasmiðjan, Gigja Kj. Kvam, Fossbrekku, 601 Akureyri, Iceland, Tel: 462 4769, Fax: 462 7040

HEILSURÆKT HEIMA



ENERGETICS
ENERGETICS POWER RUN 590
 Góð hlaupabraut fyrir heimilið. Hraði allt að 12km/klst, halli allt að 10%. 3 æfingaprógrömm og pulsmælir. Hámarksþyngd er 120 kg. Kr. 59.990

59.990
 VERÐ ÁÐUR 69.990



32.990

VERÐ ÁÐUR 39.990

ENERGETICS

ENERGETICS MULTIGYM 700 Góð æfingastöð fyrir efri og neðri hluta líkamans, ásamt róðraveli. Hámarksþyngd 70 kg. Kr. 32.990



16.990

VERÐ ÁÐUR 19.990

ENERGETICS

ENERGETICS BANK BASIC KOMP Líkamsræktarbekkur. Stöng fylgir ásamt lóðum (17,5kg). Kr. 16.990




16.990

VERÐ ÁÐUR 21.990

ENERGETICS

ENERGETICS CYKEL 6020 Gott heimilishjól sem mælir tíma, puls og hraða. Auðvelt í meðhöndlun með segulstillingum. 8 þyngdarmöguleikar. Kr. 16.990



2.990

ENERGETICS

ENERGETICS MASTER GYM fjölbjálfi, hægt að gera margvíslegar æfingar, fest á hurð. Kr. 2.990 áður 3.690



990

ENERGETICS

ENERGETICS HANTEL VINYL Handlóð 2 stykki. Þyngd: 1,5kg Kr. 990 áður 1.290; Fæst einnig: 2,5kg Kr. 1.190 áður 1.490; 5 kg. Kr. 1.690 áður 2.290



590

ENERGETICS

ENERGETICS SIPPUBAND HANDTAG Sippuband með tréskafti. Kr. 590

Póstverslun
 VÍÐ SENDUM HVERT
 Á LAND SEM ER

INTERSPORT



Club Intersport, sjá nánar á
www.intersport.is



Allir fæðuflokkar nauðsynlegir

Sjaldan er eins nauðsynlegt að huga vel að mataræðinu og eftir ofátíð á jólnum. Lýðheilsustöð hefur ákveðnar hugmyndir um hvernig mataræði skuli best hátt-að.

Helsta reglan er sú að á borðum hvers manns skuli vera matur úr hverjum hinna sex skilgreindu fæðuflokka vegna þess að hver fæðutegund hefur sína sérstöku næringarefnasamsetningu. En þó er fleira sem huga má að.

Á hverjum degi er ráðlegt að innbyrða hálf kiló af ávöxtum, grænmeti og hreinum ávaxtasafa, tvö glös af mjólk, sem mest af trefjum og býsnin öll af vatni.

Salt eða feitt kjöt ætti sem allra sjaldnast að vera á borðum til að blóðþrýstingur haldist

innan skynsamlegra marka.

Hver maður ætti að snæða að minnsta kosti tvær fiskmáltíðir í hverri viku og fá sér frekar með honum olíu eða einhvers konar mjúka fitu í stað þess að stappa saman við fiskinn smjóri eða hamsatólg, sem hvort tveggja eykur líkur á kransæðastíflu. Að sama skapi er æskilegra að búa til sósur úr súrmjólk eða soði og þykkingarefnum heldur en að baka þær upp með mikilli fitu.

Fæðuhringurinn innheldur ekki sætindi, kökur, kex, ís eða gosdrykki enda slík fæða ekki nauðsynleg til vaxtar og viðhalds. Þótt engin ástæða sé til að fordæma sætindin algerlega er rétt að ráðleggja fólki að gæta fyllsta höfs við neyslu þeirra.



Hafsteinn Danielsson, íþróttakennari og eigandi Veggssports, hefur ákaflega gaman af skvassi. FRETABLADID/VILHELM

Skvassið alltaf vinsælt

Veggssport á Stórhöfða býður upp á fjóra skvassali, en þessi íþrótt hefur unnið sér sess í hjörtum landsmanna seinustu tuttugu árin.

„Það er alltaf skemmtilegra ef það eru tveir sem æfa saman. Þá eru það oft vinir sem koma og einnig líka hjón,“ segir Hafsteinn Daniéls-son, íþróttakennari og annar eigandi Veggssports. „Þetta er íþrótt sem flestir geta stundað, hún veitir alhliða hreyfingu og það skemmtilega við skvassið er að þú bætir keppnisandanum við hreyfinguna. Í staðinn fyrir að vera í

einhverjum líkamsræktarsal einn með sjálfum þér ertu hér að keppa í einhverju.“

Aldurshóparnir sem sækja í skvass eru allt frá tíu ára gömlum börnum upp í sjötíu ára gamlar konur og karla.

Skvassið veitir gott úthald og þol og snerpan í leiknum gefur lík-amanum góða æfingu.

„Þessir stuttu sprettir eru mjög

góðir fyrir líkamann,“ segir Hafsteinn og bætir við að landsliðið í skvassi æfi í Veggssporti, en það hefur farið til útlanda og gengið vel á mótum.

Um 700 manns æfa skvass að staðaldri í Veggssporti, sem býður auk þess upp á golfhermi með níu golfvöllum, einkabjálfa, spinning, eróbíkk og tækjasal, sem og rope jóga námskeið.

heilsa }

Við spurðum Ingu Mariu Valdimarsdóttur, leikkonu og Stelpu, hvað hún ætlaði að gera til að halda sér í formi á nýju ári.

Hún segist ekki vera mikið fyrir líkamsræktarstöðvarnar. „Ég hef aldrei stundað eiginlega líkamsrækt, fer bara í göngutúra.“

Hún segist kannski ætla að fjölga þeim á nýju ári. „Það er smá svona Forrest Gump í mér, ég bara geng og geng. Ég reyni kannski að fara oftar í göngutúra og halda áfram fast í gleðina.“



Öll fjölskyldan í ræktina

Líkamsræktarstöðvar Iceland Spa & Fitness bjóða nú upp á fjölskyldukort, þar sem fjölskyldum eru boðin afar hagstæð kjör á líkamsræktarkortum.

„Ef báðir foreldrar eru meðlimir í klúbbnum, og borga þá 2.990 krónur hvor fyrir mánuðinn, fá öll þeirra börn á aldrinum 12 til 16 ára að æfa frítt og á meðan er frí barnagæsla fyrir yngri börnin,“ segir Guðlaug Aradóttir, sölustjóri Iceland Spa & Fitness. „Og ef foreldrið er einstætt eða bara annað þeirra vill fara í líkamsrækt borgar það 3.890 krónur og börnin koma frítt.“

Fyrirtækið er það fyrsta hér á landi með þessi tilboð að sögn Guðlaugar. „Og við erum líka lang-ódyrust,“ bætir hún við.

Fyrirtækið á nú og rekur fimm líkamsræktarstöðvar: Baðhúsið í Brautarholti í Reykjavík, Þrekhúsið í Frostaskjöldi, Sporthúsið í Kópavogi, Betrunarhúsið við Garðatorg í Garðabæ og nýja líkamsræktarstöð á Reyðarfirði sem verður gefið nafn síðar í þessum mánuði. Kortin hjá Iceland Spa & Fitness gilda í öllum stöðvunum, sem getur komið sér vel.

„Þeir eru margir sem vinna í tvær vikur af hverjum mánuði fyrir austan og koma svo í bæinn, og það hentar þeim því afar vel að geta farið bæði í líkamsrækt á Reyðarfirði og á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Guðlaug.

Hver stöð hefur sína sérstöðu. Baðhúsið býður konur á öllum aldri velkomnar í heilsulindina, Sporthúsið leggur áherslu á fjölbreytta íþróttaiðkun á við körfubolta, fót- bolta, skvass, tennis og golf, ásamt hefðbundinni líkamsræktarstarfsemi sniðinni að þörfum fjölskyldunnar,



Guðlaug Aradóttir, sölustjóri Iceland Spa & Fitness, í Prekhúsinu í Kópavogi. FRETABLADID/VALLI

enda Þrekhúsið og Betrunarhúsið notalegar hverfisstöðvar þar sem áhersla er lögð á persónulega þjónustu, að sögn Guðlaugar.

Smoothies


Ávaxtadrykkir eru úr pressuðum ávöxtum, án allra aukaefta, án viðbættis sykurs.

Þessi vinsæli heilsudrykkur fæst hjá okkur, ásamt þessum nýju vörutegundum.



100% hreinn safi

aloe.verlunin.net sjálfstæður dreifingaraðili á
Forever Living Products sími. 869 6448 Arka sími. 8992363



Leggðu línurnar með Léttfeta



www.mjolka.is

**NÚ EINNIG
KRYDDAÐUR**



**AÐEINS
5%
FITA**



Léttfeti inniheldur einungis 5% fitu á meðan hefðbundinn fetastur inniheldur rúmlega 20%.

Láttu það eftir þér að borða gómsætan ost sem bragð er af.

– styrkurinn liggur í bragðinu!

Body-for-LIFE Cholesterol Control
Lækkar kólesteról

- Lækkar magn kólesteróla
- Fyrir heilbrigða starfsemi hjarta- og æðakerfanna

Nánari upplýsingar fást á www.eas.is

Líkami fyrir LÍFIÐ

ROPE YOGA

Bæjarhraun 22, 220 Hafnarfjörður 3. hæð

NÝ BYRJENDANÁMSKEIÐ HEFJAST
 9. OG 10. JAN. OPNUM FYRIR ÁSTUNDUN 4. JAN.

Tímatafla og nánari upplýsingar
www.ropeyoga.net

Skráning er hafin í síma
 555-3536 GSM 695-0089
ropeyoga@internet.is •
www.ropeyoga.net

aloe.verslunin.net

sjálfstæður dreifingaraðili á

Forever living Products sími 869 6448.



Brynjólfur Bjarnason kennir skriðsund og vatnsleikfimi í flestum laugum Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skriðsundsnámskeið og vatnsleikfimi

Vatnsleikfimi og skriðsund eru æfingar sem fara sífellt vaxandi, bæði meðal aldraðra og yngra fólks, enda eru þessar íþróttir afar góðar fyrir þá sem eiga við bak- eða liðavandamál að stríða.

„Ég hef alla tíð verið í kringum vatnsþjálfun,“ segir Brynjólfur Björnsson, sem kennir vatnsleikfimi í flestum laugum borgarinnar og heldur reglulega skriðsundsnámskeið. Hann hefur alla tíð starfað við íþróttir, æfði og keppti í landsliðinu og átti Íslandsmeit í 1500 metra skriðsundi á sínum tíma.

Brynjólfur kennir öldruðum vatnsleikfimi í flestum laugum borgarinnar. Kennslan fer fram á morgnana og er ókeypis fyrir eldri borgara. „Ég fer á milli lauganna og fólk mætir og tekur þátt. Ég er uppi á bakka og sýni æfingarnar og fólk er í lauginni og vinnur með mótstöðu vatnsins. Þetta er í rauninni mjög góð leikfimi fyrir alla og ég hef heyrt það frá öldruðum að þeir finna stóran mun á gigtinni,“ segir hann.

Seinni part dagsins og á kvöldin kennir Brynjólfur svo fólk á öllum aldri skriðsund og vatnsleikfimi og fólk borgar fyrir þessa tíma. „Vatnsleikfimin er afar góð fyrir þá sem eru orðnir slæmir í baki, mjöðmum eða hnjám. Þetta er svo lítið álag á liðamótin í vatninu, miklu minna en í sal eða tækjum, en það kemur yngra fólki mjög á óvart hvað vatnsleikfimin virkar vel,“ segir Brynjólfur.

Í sundtímana mætir allt frá ósynðu fólki og upp í sundkappa sem vilja ná betri tókum á skriðsundinu.

„Flest er þetta fólk sem hefur ekki náð almennilegum tókum á skriðsundinu. Það eru svo margir þættir sem fólk þarf að ná tókum á og það er eiginlega ekki hægt nema

með tilsögn. Það er öndunin sem er að klinka hjá flestum, fótatökin og legan í vatninu. Þetta eru stórir þættir sem þarf að laga hjá flestum,“ segir Brynjólfur.

Brynjólfur segir sífellt fleiri sækja í bæði sundnámskeiðin og vatnsleikfimina. „Það er alveg rosalegur munur á fjölda þeirra sem synda skriðsund núna og bara fyrir tíu árum síðan. Læknar eru farnir að benda fólki á að læra skriðsund því bringusundið getur haft slæm áhrif ef fólk er orðið slæmt í baki og hnjám,“ segir Brynjólfur.

Þar sem Brynjólfur starfar sjálfstætt innan sundlauganna er best að hafa samband við hann sjálfan í síma 699-2998 ef fólk hefur áhuga á sundnámskeiðum eða vatnsleikfiminum.



KRAMHÚSIÐ
„Vel að verki staðið“

Viðurkenning Alþjóðahúss fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda 2005.

Opið kort í Yoga og Leikfimi



Áslaug Kripaluyoga



Ásta Arnar Kripaluyoga



Ásta Böðvars Kripaluyoga



Einar Astanga yoga



Ingibjörg G Kripaluyoga



Hafdís Leikfimi



Halla Margrét Leikfimi

INNTRITUN HAFIN!

www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
 Símar: 551-5103 • 551-7860



MYND/REUTERS

Reykingar á undanhaldi

Ný könnun sýnir að nú reykja daglega um nítján prósent fólks á aldrinum 15 til 89 ára, miðað við tæp þrjátíu prósent fyrir rúmum áratug.

„Þetta er ánægjuleg þróun, en það sem er uggvænlegt er hvað það er mikill munur eftir menntun,“ segir Laufey Steingrimsdóttir, sviðstjóri rannsóknarsviðs Lýðheilsustöðvar. „Það er miklu sjaldgæfara að fólk með háskólamenntun reyki en fólk sem er með minni menntun og þetta stríðir náttúrulega mjög mikið á móti helstu markmiðum í heilbrigðisáætlun fyrir Íslendinga, sem eru að auka jafnræði.“

Þessi þróun er í samræmi við framrásina undanfarin ár. Síðan árið 1989 hafa háskólamenntaðir dregið úr reykningum sínum

um 43,8 prósent, en í hópi minna menntaðra reykja 32 prósentum færri. Í dag reykja 9,5 prósent háskólamenntaðra daglega en í hópi fólks sem ekki er með háskólamenntun eru 22,5 prósent dagreykingamenn.

Töluverður munur er á reykningum fólks eftir aldri, þar sem flestir reykningamenn eru í aldurshópnum 20 til 29 ára, en minnst í elsta aldurshópnum, 70 til 89 ára.

Upplýsingarnar koma úr þremur könnunum sem Gallup gerði fyrir Lýðheilsustöð og voru niðurstöðurnar birtar í síðasta mánuði.

Vatnið best

Vökvinn í blautklútum inniheldur ýmis leysiefni, varnarefni og oft ilmefni. Umhverfisstofnun varar því fólk við að nota of mikið af blautklútum, sérstaklega á ungbörn, því sum þessara efna geta ert húðina og valdið ofnæmi.

Húð barna er þunn og viðkvæm og því eru þau gjörn á að fá útbrot og exem vegna ertingar. Líkur á útbrotum og exemi eru meiri ef ilmefni og varnarefni eru í hársápu, sápu og kremum sem notuð eru. Þess vegna ættu foreldrar að varast að nota of mikið af sápum og kremum á börn, sérstaklega þeim sem eru með ilm- eða varnarefnum. Hreint vatn er vel reynt og oft frábært þvottaefni.




Varast ber að nota of margar blautpurrkur þegar skipt er á ungbörnum.

VEGGSPORT

Skvass & Heilsurækt

Stórhöfða 17, v. Gullinbrú · 577 5555 · 577 5566

Gufubað



Karfa



Skvass



Spinning



Golfhermir



Erobikk

Tækjasalur



**Allt á
einum stað!**

PILATES EINKATÍMAR

www.pilates.is

Hið upprunalega Pilates-kerfi

Allir Pilates-kennarar þjálfðir af
Romana Kryzanowska arftaka Joseph H. Pilates.

Einbeiting, styrkur, samhæfing, ryðmi, flæði, öndun, nákvæmni.

THE PILATES STUDIO • SUÐURLANDSBRAUT 12 • SÍMI: 553 0660

Sjálfsvarnarskóli Íslands

World Ju-Jitsu Federation Iceland

JIU JITSU

sjálfsvarnarnámskeið fyrir alla aldurshópa.

Sjálfsvarnarskóli Íslands hefur kennt jiu jitsu sjálfsvörn frá árinu 1996. Við kennum helstu varnir og lása til að verjast andstæðingum. **Alltaf hægt að byrja.**

Nú er rétti tíminn til að læra eitthvað nýtt!

Upplýsingar á heimasíðu
og í síma 863-2804



Jiu Jitsu eflir sjálfstraust

Jiu Jitsu eykur þol og styrk

Jiu Jitsu er sjálfsvörn sem virkar

Faxafen 8

<http://www.sjalfsvorn.is>



Farðu vel með hjartað þitt

Hjarta- og æðasjúkdómur eru stórt vandamál sem mörgum stafar ógn af. Heilbrigður lífsstíll og hreyfing eru besta svarið við þessum sjúkdómum, en margir hafa nefnt hreyfingu hinn eina sanna lífslexír.

Með kransæðasjúkdómum er átt við það að fá kransæðastíflu, eða það að þurfa á hjartaaðgerð eða kransæðaútvíkkun að halda. Kransæðasjúkdómur koma til af mörgum þáttum og getur því margt valdið kransæðasjúkdómi. Þegar talað er um hjarta- eða æðasjúkdóma er ásamt kransæðasjúkdómum átt við heilblóðföll, ýmsar æðakalkanir og hjartasjúkdóma.

Blóðsykur er einn af þeim þáttum sem geta valdið hjarta- og æðasjúkdómum. Fólki ber því að fylgjast með blóðsykurmagni í sínu blóði, en ef því er ekki haldið í jafnvægi getur það skemmt æðar og valdið kransæðasjúkdómum. Reykingar auka svo líkurnar á kransæðasjúkdómum til muna og eru reykingamenn mikill áhættuhópur í þessum efnum. Blóðfita er enn annar áhættuþáttur, en kólesteról er til dæmis blóðfita sem hefur veruleg áhrif á heilsu. Hár blóðþrýstingur er einnig áhættumerki, sem og offita.

Hreyfing er mjög mikilvæg í baráttu við þessa sjúkdóma, hún hækkar hlutfall HDL í blóðinu en það er oft kallað „góða kólesteról-ið“. Hreyfing hefur einnig jákvæð áhrif á blóðþrýsting og jafnandi áhrif á blóðsykur, auk þess sem hreyfing hefur jákvæð áhrif sem forvörn fyrir aðra sjúkdóma svo sem krabbamein, beinþynningu, þunglyndi og kviða. Margir hafa gengið svo langt að kalla hreyfingu hin eina sanna lífslexír, enda ljóst að skynsöm hreyfing hefur ekkert nema jákvæð áhrif á líðan fólks og heilsu.

Áhættumat Hjartaverndar er skynsamlegur kostur fyrir alla þá sem hafa minnstu ástæðu til

að ætla að þeir séu haldnir æða- eða hjartasjúkdómi. Í slíku mati eru ýmis áhættuatriði metin og tekin út. Blóðþrýstingur, HDL, þríglyceríða (brennslufita), blóðsykur, blóðhagur, kólesteról og kreatín er meðal þess sem er mælt hjá þeim sem koma í slíka rannsókn. Eftir athuganir á niðurstöðum og áhættumati þar sem reiknaðar eru líkur á því að viðkomandi fái kransæðasjúkdóm eru teknar ákvarðanir um frekari rannsóknir. Hafin er meðferð ef fengnar upplýsingar gefa tilefni til.

Varðandi kransæðasjúkdóma og forvarnir í þeim efnum er þó mikilvægast að hafa í huga að góð hreyfing og hollt mataræði er mikilvægsta og besta forvörnin. Kransæðasjúkdómur vinna á hjá fólki yfir langan tíma og allir verða að vera vakandi fyrir þeim.



Húsnæði Hjartaverndar

Kransæðareiknivél

REIKNADU ÚT LÍKURNAR Á KRANSÆÐASJÚKDÓMI Á WWW.HJARTA.IS.

Á heimasíðu Hjartaverndar er að finna reiknivél sem reiknar út hve miklar líkur eru á því að sá sem taki þátt fái kransæðasjúkdóm á næstu tíu árum. Reiknivélin er fyrir einstaklinga á aldrinum 35-77 ára, konur og karla. Niðurstöðurnar birtast í prósentulíkum á því að viðkomandi fái sjúkdóminn á næstu tíu árum. Spurt er um aldur, þyngd, hæð, efri mörk blóðþrýstings,


íþróttaiðkun og fleira og út frá þeim upplýsingum eru svo reiknaðar líkurnar á kransæðasjúkdómi. Varað er þó við því að útkoma reiknivélarinnar er ekki sjúkdómsgreining á neinn hátt, og þó svo að þátttakandi beri ekki mikið sem bendi til kransæðasjúkdóms er rétt að minna á að þeir geta leynt mikið á sér. Það er því www.hjarta.is fyrir þá sem vilja hafa varann á.

Börnin út úr húsi

Drifðu börnin út úr húsi. Mörg börn eyða allt of miklum tíma í það að spila tölvuleiki og horfa á sjónvarp, rektu þau út úr húsi og sendu vini þeirra með. Skráðu þau svo á íþróttanámskeið eða eitthvað annað uppbyggilegt og láttu þau læra að njóta lífsins í gegnum eitthvað annað en gerviveruleikann.

Fjöldi íþróttafélaga er mikill, sérstaklega í Reykjavík, og geta allir fundið sér eitthvað við sitt hæfi. Börn eru flest lífsglöð og hress og því er um að gera að virkja þau.





casall[®]

Austurhrauni 3 - 210 Gbr. - S: 533 3805

Vor 2006

Fjölbreyttar meðferðir m.a.
-Grenning og styrking
-Húðstrekking
-Þjálfun Grindarbotnsvöðva

Mættu í frían þrúfútíma
og kynntu þér
frábær nýárstíllboð á
www.trimform.is

TRIMFORM
BERGLINDAR
Gíensásvegí 50
sími 553 3818
www.trimform.is

Body-for-LIFE CLA
Öflugt fitubrennsluefni

- Styður þyngdarstjórnun
- Eykur fitusnauðan líkamsmassa

Nánari upplýsingar fást á www.eas.is

Líkami fyrir LÍFIÐ

ÞORSHAMAR
KARATE

BYRJENDANÁMSKEIÐ
ERU AÐ HEFJAST

Brautarholt 22 • Sími: 551 4003
www.thorshamar.is • thorshamar@thorshamar.is



KRAMHÚSIÐ
„Vel að verki staðið“

Viðurkenning Alþjóðahúss
fyrir lofsverða frammistöðu
í málefnum innflytjenda 2005.

Listasmíðja barná og unglínga



Agnar
Leiklist



María P.
Leiklist framhald



Nanna
Tónlist og
hreyfing



Soffía
Yoga f. börn og
unglínga



Brynja Valdís
Leiklist



Prúður
Leiklist

INNDRITUN HAFIN!

www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
Símar: 551-5103 • 551-7860



Bursta kvölds og morgna

Góð tannhirða skiptir sköpum og aldrei má slá slöku við með burstann.

Eitt af því sem ekki má gleymast á nýju ári er að hirða áfram vel um tennurnar og þeirra umhverfi. Stefán Hallur Jónsson tannlæknir segir sömu reglurnar alltaf gilda. „Við mælum fyrst og fremst með því að fólk noti tannbursta og tannþráð og borði lítið á milli mála. Það breytist ekkert.“

Stefán segir tannþráðinn síst minna mikilvægan en burstann. Mikil bakteríuskán sitji oft milli tannanna þar sem burstinn kemst ekki og þar séu algengustu og alvarlegustu skemmdirnar þótt tennurnar líti út fyrir að vera stráheilar. Einnig segir hann nauðsynlegt að hreinsa tunguna, þar sé gróðrarstía baktería sem oft er orsök andremmu.

Tyggigúmmi sem inniheldur xylitol er annað tannverndarúr-ræði sem Stefán treystir sér til að mæla með. Hann segir það vissulega hjálpa til en komi samt sem áður ekki í staðinn fyrir tannbur-



Öllu er hægt að ofgera og þess verður að gæta að bursta ekki tennurnar burt.

stann og veiti einhverjum hugsanlega falskt öryggi.

Stefán leggur áherslu á að bursta skuli kvölds og morgna, eftir kvöldmat og eftir morgunmat. Hann segir þó hægt að bursta of mikið

og hreinlega sé hægt að eyða hluta glerungins bursti maður of fast og lengi. „Allt er gott í hófi. Það gildir jafnt um tannhirðu sem annað.“

Tannlæknar verða ekki varir við að skemmdum fjölgi í kjölfar jóla og þrátt fyrir mikla sykurneyslu yfir hátíðirnar. „Ef fólk hefur heilar tennur á það yfirleitt ekki á hættu að fá tannskemmdir yfir jólin, þetta er meira langtímaástand en svo. Hins vegar koma til okkar nokkrir eftir hver jóla sem hafa brutt högl sem leyndust í jólamatnum og brotið við það tennur.“

Helsta áhyggjuefni tannlækna í dag, að sögn Stefáns, er það hversu mörg börn skila sér ekki til tannlæknis á ári hverju - jafnvel aldrei. „Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun getur þetta verið allt að því þriðjungur barna á aldrinum fjögurra til átján ára,“ segir hann og brýnir fyrir fólki að trassa það ekki að senda börn sín til tannlæknis. „Þetta skiptir máli.“



Kadri segir NIA vera líkamsrækt fyrir þenkjandi fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrir þenkjandi fólk

Ný gerð líkamsræktar, NIA, hefur numið land hérlendis. Kadri Hint leiðir okkur í allan sannleikann um þetta vinsæla fyrirbæri.

NIA er tegund líkamsræktar sem hefur notið mikillar hylly erlendis að undanfögnu. Hún sameinar æfingar úr níu mismunandi æfingakerfum, jafnt austrænum sem vestrænum. Þeirra á meðal eru sjálfsvarnariþróttir á borð við tae kwon do og aikido, jóga og dansæfingar úr djassballett og nútímadansi.

„Eitt af því sem greinir NIA frá annarri líkamsrækt er að við æfum berfætt,“ segir Kadri Hint, eini lærði NIA-kennarinn hérlendis. „Á ilinni eru sjö þúsund taugaendar sem hafa áhrif á alla líkamsstarfsemi og það hefur sýnt sig að örvin þeirra

er mjög af hinu góða.“

Kadri er eistnesk, lærði NIA í Svíþjóð og hefur búið á Íslandi síðastliðið hálf ár og kennt NIA í World Class í Laugum.

Kadri segir NIA vera jafnt andlega sem líkamlega þjálfun. „Fólk sem stundar NIA þarf að vera þenkjandi fólk og hafa áhuga á fleiru en bara ytra byrðinu.“ Hún tekur þó fram að vissulega hafi NIA uppbyggjandi áhrif á vöðvamassa og að það sjáist á fólki sem æft hefur í einhvern tíma að það sé í fantaforni. NIA sé ætlað að byggja upp vöðva, auka liðleika, brenna fitu, styrkja andlegt ástand og umfram

allt að vera bráðskemmtilegt.

NIA hentar að sögn Kadri öllum stærðum og gerðum fólks af öllum aldri og það sé einn helsti kostur æfinganna hversu auðveltlega sé að laga það að hverjum sem er. „Ég hvet þá sérstaklega til að prófa sem ekki hafa enn fundið sér líkamsrækt við hæfi. NIA gæti einmitt verið það sem þeir leita að.“

Nú fer hver að verða síðastur að skella sér í NIA-tíma því Kadri heldur aftur til Svíþjóðar eftir hálf ár. Nýtt námskeið hefst níunda janúar og miðað við viðtökurnar undanfarið er óhætt að fullyrða að ásóknin í pláss verði mikil.

Heldur þú áfram að reykja af því að þú ert hrædd um að þyngjast?



Láttu það eiga sig! Nicorette Freshmint getur tvöfaldað möguleika þína á að vera reyklaus. Sýnt hefur verið fram á að notkun nikótínbyggigúmmis í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu hjá þeim í kjölfar þess að reykingum er hætt.

Lestu meira á www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætt á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafæðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ

nicorette[®]
nicotin

Vorfjörð að byrja ..!!

Dans í Kramhúsinu



KRAMHÚSIÐ
„Vel að verki staðið“

Viðurkenning Alþjóðahúss
fyrir lofsverða frammistöðu
í málefnum innflytjenda 2005.



Ivonne
Afró



Dianne
Afró



Sandra
Afró/Hip Hop



Alzeny
Afró



Rossie
Karabískur dans



Maher
Magadans



Natasja
Break/Hip Hop



Yesmine
Funk Jazz



Sigga Nanna
Magadans



Rósalind
Magadans



Sabah
Magadans



Ulla
Magadans



Linnea
Magadans

GEGGJUÐ GLEÐI Í KRAMHÚSINU

INNTRITUN HAFIN!



Bryndís og Hany
Tangó



Carlos
Salsa



Edna
Karabískur salsa



Minerva
Flamenco/Bollywood



Veska
Balkan dans



Guyom
Jazz Funk

www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
Símar: 551-5103 • 551-7860



Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri heilsuræktarinnar Átaks á Akureyri.

POLAR®
LISTEN TO YOUR BODY

PÚLSMÆLAR



EVERY BODY TELLS A STORY

Nýtt útlit



FS1



FS3c



F4



F6



F11



RS200sd
hlaupamælir

Söluaðilar:

Útilíf Smáralind, Kringlunni og Glæsibæ // Markið // Örninn // Hreyfing Afreksvörur // Fitness Sport // Marabon // Hlaup.is // Hreysti Maður Lifandi Borgatúni og Hæðarsmára // Halldór Ólafsson Akureyri Guðmundur B. Hannah Akranesi // Georg B. Hannah Keflavík

Átak þrefaldast að stærð

Svo vel hefur gengið hjá líkamsræktarstöðinni Átaki á Akureyri síðan hún var opnuð árið 2003 að eigendur hennar hafa ákveðið að stækka stöðina úr tæplega 500 fermetrum í rúma 1.400 fermetra.

„Við stækkum í austur út á Pollinn og tæplega þreföldum bygginguna og verðum þá ein af stærstu líkamsræktarstöðvum landsins,“ segir Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Átaks heilsuræktar við Strandgötu á Akureyri. „Við opnuðum haustið 2003 og þetta hefur bara gengið það vel að stöðin er ekki nógu stór eins og hún er í dag. Það er lítið sem ég get bætt við og mig vantar pláss til að gera meira fyrir kunnana. Þess vegna ákvað ég að fara út í þessar framkvæmdir.“

Verktakar hófu vinnuna í byrjun desember og fylltu 28 metra

út í Pollinn. „Húsið mun hafa þá sérstöðu að það stendur í raun frítt í sjó,“ segir Guðrún.

Áætluð starfslok eru í lok sumarsins og gerir Guðrún ráð fyrir að stöðin verði opnuð á ný með pompi og prakt 1. september.

Átak er hefðbundin líkamsræktarstöð sem byggir meðal annars á Les Mills-kerfunum. Þar er boðið upp á þolfimi, tæki, hlaupabrautir, einkaþjálfun, aðhaldsnámskeið fyrir bæði konur og karla og ýmislegt fleira. Í dag starfa þar sautján kennarar og einkaþjálfarar. Frekari upplýsingar um stöðina er að finna á vefsíðu hennar, atakak.is.



DORGAGÐU

Fátt er betra í góðu veðri en að sitja út á höfn, anda að sér sjávarloftinu og dorga. Þegar farið er að dorga er um að gera að taka með sér gott nesti og ágætan stól, því ef veðin er slæm gerir það ekkert til ef hitt er í lagi.

Miðbæjarhöfnin hefur reynst mörgum ágæt, en til eru margar aðrir góðir staðir, en höfnin í Geldinganesi hefur verið nokkuð vinsæl meðal dorgara. Kannski ekki mikil líkamsrækt en góð úti-vist, tilvalið fyrir eldra fólk.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Kaffi og vín í skammdeginu

Kaffið og áfengið eru haldreipi margra í grámyglu skammdegisins. En hverjir eru kostir og gallar þessara vinsælu drykkja?

Kaffibollinn er leið margra til rænu að morgni í skammdeginu, en kaffið er þó ekki allt þar sem það er séð. Kaffi getur hækkað blóðþrýsting ef það er drukkið í óhóflegum mæli og aukið kólesteról magn í blóði. Þá er einnig mælt með því að ófrískar konur hemji kaffidrykkjuna sem þær frekast geta þar sem það getur haft hamlandi áhrif á járnfrásog.

Kaffisvolar geta þó huggað sig við það að kaffið hefur einnig ýmis jákvæð áhrif. Það hefur til að mynda verið talið minnka líkur á gall- og nýrnasteinamyndun og draga úr hættu á ristilkrabbameini. Það skal

hins vegar athugað að kaffi er afar þvaglosandi og því mikilvægt að drekka einnig annan vökva til að forðast ofþornun.

Margir kjósa að fá sér í aðra tána, ef ekki báðar, þegar þeir lyfta sér upp á síðkvöldum. Allir kannast við látlausu sibylju um hættuna af áfengisneyslu og afleiðingar hennar. Færri vita hins vegar að rannsóknir benda til þess að mjög hófleg áfengisneysla, sem sárafáir Íslendingar þekkja af reynslu, getur minnkað líkur á hjartakvillum. Fjögur til fimm vínglös á viku valda því tæpast miklu heilsutjóni og gætu jafnvel verið til bóta.



Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, en hátt í 6.000 manns hafa nú tekið þátt í öldrunarrannsókn Hjartaverndar. FRÉTTAHLAÐIÐ/E.Ó.L.

Forvarnir fyrir alla

Hjartavernd hefur undanfarin fimm ár staðið fyrir öldrunarrannsókn sem hátt í sex þúsund Íslendingar hafa tekið þátt í.

„Farið var út í þessa rannsókn með það að leiðarljósi að safna upplýsingum um eldra fólk til að öðlast betri skilning á því hvernig fólk eldist,“ segir Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar.

Öldrunarrannsóknin er samstarfsverkefni Hjartaverndar og bandarískra heilbrigðisyfirvalda og er ein stærsta og ýtarlegasta faraldsfræðilega rannsókn á heimsvísu á heilbrigði öldrunar í heiminum.

Með rannsókninni er leitast við

að öðlast skýra mynd af því hvernig fólk eldist. Beinþéttni fólks er könnuð, sem og breytingar á blóðþrýstingi og vitrænni getu með aldri.

Fólkið sem rannsakað hefur verið tók þátt í hóprannsókn Hjartaverndar á árinu 1967. Það þýðir að til verða gögn um viðkomandi einstaklinga yfir meginhluta ævi þess, svo hægt er að kanna hvað í líkamsstarfsemi þeirra breytist við öldrun.

„Hugmyndin er sú að geta beitt þeirri þekkingu sem við náum til

þess að beita forvörnum í þessum aldurshópi, þannig að fólk lifi ekki endilega miklu lengur, heldur eigi einfaldlega þægilegra ævinkvöld og þurfi síður að fara inn á stofnanir og sjúkrahús,“ segir Vilmundur.

Þegar hafa niðurstöðurnar svarað mörgum spurningum og lofar rannsóknin góðu.

„Eftir að hafa skoðað þær niðurstöður sem við erum þegar komin með segi ég að forvarnir eru fyrir fólk á öllum aldri, ekki bara unga fólkið,“ segir Vilmundur.



Fólk ætti að geta gætt sér óhrætt á kaffibolla eða vínglasi af og til.

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



Heimur í Hlíð

FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



Body-for-LIFE EverLean
Öflugt fitubrennsluefni

- Eykur orku og einbeitingu
- Brennir burt líkamsfitu

Nánari upplýsingar fást á www.eas.is

Líkami fyrir LÍFIÐ

Betri líðan í hálsi, herðum og baki

Hádegis- og eftirmiðdags tímar, í húsnæði Hreyfigreiningar að Höfðabakka 9

Skemmtileg og árangursrík þjálfun undir leiðsögn sjúkraþjálfara, þar sem unnið er að því að bæta líkamsstöðu og beitingu, auk þess að virkja og ná stjórn á djúpa vöðvakerfi háls, axlargrindar og baks. Liðkandi og styrkjandi æfingar eru gerðar í hverjum tíma.



Skráning og frekari upplýsingar í síma 897-2896
Netfang: harpah@hi.is Vefsíða: www.bakleikfimi.is



Frá Kvannahlaupinu 2005. FRETABLAÐIÐ/HEIÐA

Almenningsíþróttir vinna á

Sífelld fleiri stunda íþróttir.

„Það hefur í raun orðið sprengja í almenningsíþróttum seinustu árin,“ segir Stefán Snær Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. „Sífelld fleiri stunda reglulega íþróttir sem falla ekki undir íþróttafélög eða líkamsræktarmiðstöðvar. Okkar starf er meðal annars að fylgjast með þessari

þróun og hvetja fólk til þess að taka þátt í henni.“

Alkunna er hversu mikilvæg hreyfing er bæði líkamlegri og andlegri heilsu en Íslendingar, sem og aðrar vestrænar þjóðir, eru sífelld að verða feitari. Herferðir svo sem Ísland á iði og Hjólaðu í vinnuna eru haldnar að frumkvæði sambandsins, en þær eru fræðslu- og hvatn-

ingarverkefni á landsvísi ætluð almenningi á öllum aldri. Sambandið kemur einnig að Kvannahlaupinu, sem gríðarlega stór hluti íslenskra kvenna hefur tekið þátt í. Sambandið dreifir einnig ókeypis bæklingum um hreyfingu, mataræði, áfengi og tóbak og fleira og birtir auglýsingar sem minna fólk á mikilvægi hreyfingar.

Leik Höllin
Leikur og Líf

Skráning er hafin!!!
Námskeiðin hefjast mánudaginn 9. Jan

Leikfimi (2 mánaða - 6 ára)	Meðgöngujóga
Tónlist (6 mánaða - 6 ára)	Ungbarnanudd
Listanámskeið (3 ára - 9 ára)	Mömmuleikfimi

www.leikhollin.is
Breyting 14-16 Kóp. 6.517-7909. leikhollin@leikhollin.is

SAGAMEDICA



Bryndis Magnúsdóttir, Reykjavík

„Ég hef tekið Angelicu jurtaveig í þrjú ár. Mér finnst Angelica gefa mér orku sem ég þarf á að halda bæði í vinnu og langhlaupum. Auk þess er hún kvíðastillandi og ég fæ ég sjaldnar kvef.“

Þú færð tvennt í einu aukna orku og sjaldnar kvef

Með Angelicu færð þú tvenns konar virkni í sömu vöru. 1100 ára reynsla af notkun ætíðvannar færð til nútímans.

Íslenskt náttúruafl!

Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum.
www.sagamedica.is



Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari segir þolfimi í vatni henta hverjum sem er og geta verið skemmtileg tilbreyting. FRETABLAÐIÐ/VILHELM

Líkamsrækt í vatni

Þolfimi í vatni hefur verið mjög vinsæl víða í Evrópu og Ameríku og er hún kennd hér á landi í fyrsta sinn.

Hérlandis hefur ekki mikið farið fyrir vatnsleikfimi en Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari hefur kennt hana í nokkur ár og þá sérstaklega vatnsleikfimi ætlaða þeim sem eiga erfitt með að hreyfa sig sökum krankleika í baki eða liðum. „Nú er ég að bæta við námskeiðum í þolfimi í vatni með kröftugum úthalds- og styrktaræfingum,“ segir Harpa. Hún segir þolfimi í vatni vera sambærilega þolfimi í sal eða tækjasal, en í vatninu eru meðal annars notaðir sérstakir mótstöðuhanskar til að þyngja æfingarnar. „Í vatninu er hægt að fá mikið álag á vöðvana án þess að auka álagið á liðina því að vatnið vegur upp á

móti þyngdarkraftinum þannig að fólk sem almennt finnur fyrir álagi á liði við æfingar getur tekið vel á í vatninu án þess að hafa áhyggjur,“ segir Harpa. Hún tekur það reyndar fram að ekki þurfi neitt sérstakt að ama að fólki til að stunda vatnsleikfimi og hún henti þeim vel sem vilji tilbreytingu eða einfaldlega líði vel í vatni.

„Auðvelt er að stjórna hraðanum í vatninu, en með meiri hraða fæst meiri mótstaða,“ segir Harpa. Tímanna segir hún byggða þannig upp að byrjað er á að virkja djúpvöðvakerfið upp við hrygginn og útlimaliðina. „Byggður er upp stöðugleiki áður en farið er að vinna kraftmikl-

ar æfingar gegnum handleggji og fótleggji,“ segir Harpa. Allir hlutar líkamans eru teknir kerfisbundið fyrir og endað á liðkandi æfingum og teygjum.

„Fólk getur svo slakað á í pottinum á eftir,“ segir Harpa. Tímarnir eru kenndir í sundlauginni á Hrafnistu, en Harpa segir sérstaka laug þurfa fyrir vatnsleikfimi þar sem hún þurfi að vera nokkurn veginn jafndjúp, venjulegar sundlaugar séu yfirleitt of hallandi.

Auk Hörpu kenna tveir aðrir sjúkraþjálfarar vatnsleikfimi en frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni bakleikfimi.is.

-NÝTT ÁR,
BETRI KROPPUR!


TILBOÐ

Áramótaheitið hefst hjá okkur!

ÁRAMÓTABOMBA ISF:

4 MÁNUÐIR Á 12.500 KR. <<

>> TILBOÐIÐ GILDIR DAGANA 2.-5. JANÚAR 2006



- STÆRSTA STUNDASKRÁ LANDSINS
- FLESTAR STÖÐVAR
- FRAMÚRSKARANDI STARFSFÓLK
- FRÁBÆR TÆKI

sjá heimilisföng allra stöðva isf á www.isf.is



ICELAND

SPA & FITNESS

sími 561 5100 www.isf.is

ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN

-NÝTT ÁR,
BETRI KROPPUR!

ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN

NÁMSKEIÐ

hefst 9. janúar nk.



BADHÚSIÐ

STÆLTAR STELPUR MÁN MIÐ OG FÖS KL. 7.30
STÆLTAR STELPUR MÁN MIÐ OG FÖS KL. 19.35
MÖMMUMORGNAR ÞRI OG FIM KL. 9.45
STÍGÐU SKREFIÐ MÁN MIÐ OG FÖS KL. 16.15
STÍGÐU SKREFIÐ MÁN MIÐ OG FÖS KL. 19.35
Í FORM EFTIR 50 ÞRI OG FIM KL. 17.25
AFRÓ 1 ÞRI OG FIM KL. 19.30
AFRÓ 2 MIÐ OG FÖS KL. 18.30
MEÐGÖNGUJÓGA MÁN OG MIÐ KL. 20.40

BETRUNARHÚSIÐ

TÖFFARAR Í TAKT MÁN MIÐ OG FÖS KL. 18.30
STÆLTAR STELPUR ÞRI FIM OG FÖS KL. 17.20
AFRÓ-TROMMUR LAUG KL. 13.00

VERÐ:

HEITI NÁMSKEIÐS:	FULLT VERÐ:	ISF97 VERÐ:
Stígðu skrefið	42.500/39.900 stgr.	30.500/28.900 stgr.
Stæltar Stelpur	18.200	10.900
Þrekraun	18.200	18.200
Í form eftir 50	13.900	8.400
Töffarar í takt	18.200	10.900
Meðgöngujóga	13.900	8.400
Mömmumorgnar	13.900	8.400
Afró 1	23.900	23.900
Afró 2	21.900	21.900
Afró-Trommur	14.000	14.000
Þrekraun 6 vikur	15.000	15.000
12 vikur	30.000	30.000

Skráning er hafin í síma 561 5100 og með tölvupósti simi@isf.is



1 kort
og nú
5 stöðvar

BADHÚSIÐ
BETRUNARHÚSIÐ
AFLHÚSIÐ
SPORTHÚSIÐ
PREKHÚSIÐ

SPORTHÚSIÐ

ÞREKRAUN ÞRI MIÐ OG FÖS KL. 6.30,
MÁN OG FIM, KL. 18.00 OG LAUG KL. 8.30
TÖFFARAR Í TAKT ÞRI OG FIM 6.30 OG LAUG KL. 9.00
TÖFFARAR Í TAKT MÁN MIÐ OG FÖS KL. 19.35
STÆLTAR STELPUR MÁN MIÐ OG FÖS KL. 16.15
STÆLTAR STELPUR MÁN MIÐ OG FÖS KL. 17.20
STÆLTAR STELPUR MÁN MIÐ OG FÖS KL. 18.25

AFLHÚSIÐ

BOOTCAMP MÁN ÞRI FIM KL. 18.30

PREKHÚSIÐ

STÆLTAR STELPUR ÞRI OG FIM 19.30 LAUG KL. 10.00

sjá heimilisföng allra stöðva isf á www.isf.is



ICELAND
SPA & FITNESS

SÍMI 561 5100 WWW.ISF.IS
ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN

VANDAD, SPENNANDI DANSNÁM

Bjóðum upp á allt það nýjasta í dansheiminum í dag!

JASSBALLETT---FREESTYLE---STREETJASS---SÖNGLEIKJADANS---MODERN---LOCKING---OFL

Tökum inn nemendur frá 6 ára aldri. Byrjenda- og framhaldsflokkar. Ný námskeið hefjast 12. jan. 2006. Nemendasýning á vorönn í Borgarleikhúsinu



KENRAR

KENRAR eru með áralanga reynslu sem dansarar, þjálfarar og danshöfundar og með mikla reynslu úr danskeppnum, leikhúsum og söngleikjum.



GESTAKENARI

GESTAKENARI SELMA BJÖRNSD
Leikkona, söngkona, dansari



Dansskóli
Birnu Björns

INNRIUN Í SÍMA 561 5100

INNRIUN Í SÍMA 561 5100

KENSLUSTADIR:
SPORTHÚSIÐ, KÓPAVOGI,
BETRUNARHÚSIÐ, GARÐABÆ
OG DREKHÚSIÐ, REYKJAVÍK

NÁNARI UPPLÝSINGAR;

www.isf.is, undir dans. Netfang: dansskolibb@hotmail.com

Iceland Spa & Fitness (ISF) kynnir nýjung:

FJÖL\$KYLDUKORT

Krakkarnir eru **frítt** hjá okkur!

1 kort
og nú
5 stöðvar

BAÐHÚSIÐ
BETRUNARHÚSIÐ
AFLHÚSIÐ
SPORTHÚSIÐ
DREKHÚSIÐ

Það margborgar sig
að vera í klúbbnum ISF97-
og öll fjöl\$kyldan er með!

Ef báðir foreldrar eru í klúbbnum *ISF97 fylgir frítt með svokallað Fjölskyldukort. Með Fjölskyldukortinu býðst krökkum, á aldrinum 12-16 ára, í fjölskyldunni að æfa frítt með foreldrum sínum og yngri börnin fá frítt í Kroppakot (barnagæslu ISF).

Það margborgar sig að vera í klúbbnum ISF97-
og öll fjöl\$kyldan er með!

sjá heimilisföng allra stöðva isf á www.isf.is

*Lágmark 12 mán. binditími á aðeins 2.990 kr. á mánuði.



ICELAND
SPA & FITNESS

SÍMI 561 5100 WWW.ISF.IS
ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN

2990.!

líklega besta verð í heimi

KOMDU Í KLÚBBINN ISF 97
FYRIR AÐEINS *2990 Á MÁNUÐI FÆRÐ ÞÚ;

-STÆRSTU STUNDASKRÁ LANDSINS

-FRÁBÆR TÆKI

-FRAMÚRSKARANDI STARFSFÓLK

-FLESTAR STÖÐVAR

-FRÍA BARNAGÆSLU

ISF97
nú tíma lífsstíll

* miðað við 12 mán. binditíma

1 kort
og nú
5 stöðvar

BADHÚSÍÐ
BETRUNARHÚSÍÐ
AFLHÚSÍÐ
SPORTHÚSÍÐ
ÞREKHÚSÍÐ

sjá heimilisföng allra stöðva isf á www.isf.is



ICELAND

SPA & FITNESS

sími 561 5100 www.isf.is

ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN



Teygjuæfingarnar draga ekki úr harðsperrum

Efasemdaraddir hafa verið uppi um nauðsyn teygjuæfinga eftir líkamsrækt. Frétta- blaðið leitaði álits þriggja sérfróðra aðila.

Fáir hafa náð eins góðum árangri í íþróttum á alþjóðavettvangi og sundkappinn Örn Arnarson, sem segist teygja eftir hverja æfingu og verða stífur og hálfómögulegur án teygjanna.

Hann segir það fara eftir hverjum íþróttamanni og þjálfara hans hversu mikil áhersla sé lögð á teygjurnar. „Mér er ekki hleypt af æfingu fyrr en ég hef teygt almennilega, sérstaklega ekki lyftingæfingum,“ segir Örn, en segist þó líka alltaf teygja á öxlum eftir sundæfingar.

Örn heldur hverri teygju í um hálfu mínútu og segist ekki geta hugsað sér að sleppa þeim. „Ég er harður á því að það er bráðnauðsynlegt að teygja eftir æfingar.“

Elin Sigurðardóttir íþróttifræðingur er sammála Erni. „Það er alltaf gott að teygja,“ segir hún en bætir við að ekki sé sama hvernig það er gert. „Teygjur hjá mér eru í raun bara slökun. Það eru svo margir sem toga og þvinga sig í gegnum teygjurnar, sem er kolrangt. Þá dregst vöðvinn saman og vinnur á móti þér. Svo lengi sem þú

slakar á inn í teygjuna veit ég ekki til þess að teygjur hafi neitt nema jákvæð áhrif.“

Elin hefur kynnst gagnsemi teygjanna í starfi sínu sem einkaþjálfari og jógakennari. „Ég er með mikið af fólki hjá mér sem fær gjarnan sinadrátt og það hefur fundið mikinn mun á sér við það að teygja reglulega. Ef við teygjum ekki í gegnum árin endum við flest frekar stírið. Ég hef fengið til mín fjölda fólks sem ekki getur rétt almennilega úr bakinu vegna stíðleika.“

Elin keppti í sundi á tvennum Ólympíuleikum og hefur reynslu af reglubundnum teygjum. „Það eru meiri líkur á að þú meiðir þig ef þú ert ekki sveigjanlegur. Þær koma kannski ekki í veg fyrir harðsperrur en það er nauðsynlegt að teygja til að auka blóðflæðið í líkamanum.“

Árni Árnason, lektor í sjúkraþjálfun við HÍ, er ekki jafnsannfærður um ágæti teygjanna.

Hann telur fólki óhætt að sleppa teygjunum í ræktinni ef það er á hraðferð og segir það ekki þurfa ekki að hafa áhyggjur af skelfileg-

um afleiðingum þess.

„Það eru nánast engar rannsóknir sem gefa tilefni til að ætla að teygjur hafi veruleg fyrirbyggjandi áhrif á vöðvatognanir og slíkt,“ segir hann. „Hins vegar má geta þess að þær rannsóknir sem gerðar hafa verið eru ekki fullkomnar og það vantar stórar rannsóknir sem taka tillit til margra þátta.“

Hann segir teygjurnar þó gagnlegar í sumum tilvikum. „Sumir íþróttamenn þurfa auðvitað ákveðinn liðleika vegna eðlis íþróttarinnar og þá verða þeir að teygja til að ná þeim hreyfanleika sem krafist er. Stuttir vöðvar geta einnig gefið ein-kenni frá stoðkerfinu, stífleikaeinkennum og jafnvel bakverki, og með því að teygja viðkomandi vöðva slaknar oft á þessum verkjum.“

Honum finnst þó óþarfi að hver maður fetti sig allan og bretti eftir minnstu hreyfingu. „Teygjur draga ekki úr harðsperrum, minnka tæpast meiðslatiðni að nokkru marki og rannsóknir gefa til kynna að þær séu alls ekki eins nauðsynlegar og yfirleitt hefur verið talið.“

Ekki eru allir á einu máli um nauðsyn æfinga sem þessara. FRÉTTAHLAÐIÐ/GETTY IMAGES



AFMÆLISTILBOÐ TECHNOSPORTS

Árskort í Technosport á 28.900 kr.

Í tilefni af 10 ára afmæli Technosports ætlum við að bjóða árskortið á 10 ára gömlu verði í nokkra daga.

Við erum í frábæru afmælistilboði og ætlum því einnig að bjóða 50 fyrstu sem koma og kaupa árskort að fá kortið á aðeins:

26.900 kr.

Þú færð síðan frían tíma með þjálfara til að koma þér af stað.

Verð án afsláttar 43.900 kr.

TECHNOSPORT

Bæjarhrauni 2 - 220 Hafnarfirði - Sími 565 0760
technosport@technosport.is - www.technosport.is

Frjálsar íþróttir í Hafnarfirði

Pó boltinn fái yfirleitt mesta umfjöllun á síðum dagblaðanna hefur áhugi ungs fólks á frjálsum íþróttum ekkert farið minnkandi, enda hafa íslenskir frjálsíþróttamenn náð stórkostlegum árangri á alþjóðlegum markaði seinustu árin.

„Við erum með mikið afreksfólk í frjálsum íþróttum og höfum verið með síðustu ár, bæði á landsvísi og heimsvísi. Það er án efa að skila sér til krakkanna,“ segir Sigurður Haraldsson, formaðurstjórnar frjálsíþróttadeildar FH, en margir þessara hæfu íþróttamanna hafa æft og æfa hjá FH. „Ég held við séum með sex eða sjö krakka sem eru á skólustykk í Bandaríkjunum og úti um allan heim út af frjálsum íþróttum.“

Til frjálsíþróttar teljast allar stökkgreinarnar, kastgreinarnar og hlaupgreinarnar, svo sem langhlaup, spretthlaup og grindahlaup. „Þetta eru allt ólympískar greinar,“ segir Sigurður.

Hjá FH æfa frjálsíþróttamenn á öllum aldri, og eru iðkendur um 250 talsins alls en félagarnir eru um 800. Yngsti aldurs hópurinn eru fimm ára börn, og þeir elstu tilheyra öldungadeild félagsins.

„Við erum með mjög hæfa þjálfara og æfum mest í Kaplakrika sem er æfingarsvæði FH, en á veturna þegar okkur skortir innanhúsæfingaraðstöðu þá höfum við verið að fara í hallir í Kópavogi og víðar,“ segir Sigurður.

Frekari upplýsingar um frjálsíþróttadeild FH er að finna á vefsíðunni frjalsar.is og jafnframt er hægt að hafa samband beint við þjálfarana.

Ólympíufarinn Þórey Edda Elísóttir æfir stangarstökk með FH. Hún lenti í fimmta sæti á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEIÐUR



Heilsan

Sigrún Hjálmtýsdóttir, betur þekkt sem Diddú, segist sinna líkamanum allt árið um kring. „Það skiptir svo miklu máli að vera í góðu formi ef maður er söngvari.“

Hún segist ekki ætla að brydda upp á neinni nýbreytni þetta árið en kannski fara örlítið oftar í leikfimi. „Annars eru auðvitað nýliðin jól, með stórum stöfum, og ég hélt upp á þau út í ystu ásar. Maður leyfir sér það því þá er að einhverju að vinna í líkamsræktinni, ekki alltaf bara hjakk í sama farinu.“

Diddú segist ekki mikil hlaupamanneskja. „Ég er meira fyrir að ganga. Ég geng stundum rösklega í náttúrunni hér í Mosfellsdalnum, en það er bara á góðviðrisdögum – annars fer ég í ræktina.“



Diddú söngkona heldur sér í góðu formi.

Adrenalín

Sjó sund, brúarhopp, fjallahjólreiðar, rafting-ferðir, fallhlíf-arstökk, vélsleðaferðir, svifdrekflug, teygjustökk og svo framvegis.

Adrenalín

er heilsuþætandi fyrir alla þá sem hafa heilsu til, en einnig bráðnaðsynlegt fyrir þá sem eru þreyttir á tilbreytingarlausu borgarlífi.

Rétt er að

minna á það að gott adrenalínstuð þarf ekki alltaf að kosta mikið, það eina sem þarf er nettur kokkteill af fíflirfsku og ævintýraþrá. Brúarhopp getur verið hressandi í skammdeginu en þó er kannski réttast að bíða fram að sumri.



Heilsuvörumarkaður – Lífrænt – Fræðsla

Hollur heim að sækja

Maður lifandi er nútímaleg matvöruverslun sem býður upp á fjölbreytt úrval af hollri matvöru og tilbúnum heilsuréttum sem þú borðar á staðnum eða tekur með heim.

Maður lifandi veitir þér leiðsögn og fræðslu um betri lífstíl.



maður lifandi

Borgartúni 24 Reykjavík, Hæðasmára 6 Kópavogi
www.madurlifandi.is

Opið virka daga kl. 10–20,
laugardaga kl. 10–17

Skráðu þig á póstlistann á www.madurlifandi.is og fylgstu með námskeiðum, tilboðum og nýjungum.

Hin fullkomna hreyfing

Hreyfiland er líkamsræktarmiðstöð fyrir mæður. Margt spennandi námskeiða er þar í boði eins og bumbufimi og dansleikfimi.

Hreyfiland var upphaflega stofnað fyrir konur með börn, en eigandi þess og stofnandi, Krisztina G. Agueda, á mikla íþróttamenntun að baki og hefur þróað sérstakt æfingakerfi fyrir börn, mæður og barnshafandi konur. Námskeiðin bera öll skemmtileg heiti, eins og bumbufimi, mæðrafimi og snillingafimi. Hreyfiland hefur vaxið og dafnað og eru mörg skemmtileg námskeið í boði á nýju ári. Má þar nefna dansleikfimi fyrir 20 ára og eldri sem Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir kennir.

„Dansleikfimin kom fyrst og fremst til vegna áhuga hjá mér,“ segir Kolbrún Ýr hlæjandi og bætir við: „Þetta er nokkuð sem ég hef þróað sem hina fullkomnu hreyfingu að mínu mati.“ Hún segir námskeiðið hafa fengið góða viðtökur, enda hafi verið þörf á danstímum fyrir þennan aldurshóp.

„Margir telja sig þurfa að búa yfir vissri danstækni eða kunnáttu til að fara á dansnámskeið en dansleikfimi er nokkuð sem fleiri telja sig ráða við,“ segir Kolbrún Ýr. Meginuppistöðu tímans segir hún

vera dans, djassdans, salsa, hipp-hopp, nútímadans eða hvað það sem andinn blæs henni í brjóst. Í þetta er svo blandað öllum nauðsynlegustu styrktaræfingum, teygjum og fleiru. „Þetta eru fyrst og fremst skemmtilegir tímar,“ segir Kolbrún Ýr.

Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir setti saman námskeið sem inniheldur hina fullkomnu hreyfingu að hennar mati.
FRÉTABLAÐIÐ/CVA



Umhverfisstofnun varar við sjálflýsandi hálsböndum fyrir börn.

Sjálflýsandi leikföng

Sjálflýsandi hálsbönd eru sjaldan holl fyrir börn og varar Umhverfisstofnun við notkun þeirra á heimasiðu sinni, ust.is, en dönsk yfirvöld hafa rannsakað þessi leikföng.

„Stjörnur sem hægt er að líma í loft og á vegg innihalda ekki hættuleg efni og eru heldur ekki hættulegar þegar þær lýsa. Sjálflýsandi hálsbönd, sem eru gerð úr þunnum plastslöngum sem innihalda sjálflýsandi vökva, geta aftur á móti verið hættuleg,“ segir á síðunni, en þessi vökvi er blanda margra efna og þar á meðal geta verið þalöt sem bönnuð eru í leikföngum ætluðum smábörnum.




Mikilvægt er að þvo öll rúmföt og vefnað-
arvöru áður en hún er tekin í notkun.

Þvoðu rúmfötin!

Oft er sterk lykt af nýjum rúmfötum og stafar þefurinn af efnum eins og formalíni eða litarefnum sem notuð eru við framleiðslu rúmfatanna.

Umhverfisstofnun ráðleggur fólki því að þvo rúmfötin fyrir fyrstu notkun því þessi efni geta framkallað ofnæmi, sérstaklega hjá börnum, en megnið af þessum efnum hverfur við þvott.



„Ég borða All Bran á hverjum degi og mér líður betur.“

Þorleifur F. Magnússon.



VELLÍÐAN

Prófaðu að borða eina skál daglega af All Bran Original í 10 daga og þú finnur muninn á heilsunni, því hollara morgunkorni er varla völ á. All Bran Original inniheldur 50% af ráðlögðum dagsskammti af trefjum sem bæta meltingu og hláða líkamann fullan af orku sem fleytir þér inn í daginn.



All Bran eykur vellíðan og bætir útlit

Náttúrulegar íslenskar snyrtivörur

Um árabíl hefur Urtasmiðjan framleitt náttúrulegar húð- og snyrtivörur úr íslenskum jurtum. Fyrir jól hóf fyrirtækið markaðssetningu á nýrri snyrtivörulínu með náttúrulegri rotvörn úr jurtum.

„Jurtirnar tinum við úti í okkar hreinu íslensku náttúru og notum einnig lífrænt ræktaðar jurtir,“ segir Gígja Kj. Kvam, eigandi Urtasmiðjunnar, sem starfrækt hefur verið síðan árið 1993. „Allar grunnolíur sem við notum í framleiðsluna eru fjölmættaðar jurtaolíur sem innihalda Omega3 og 6 fitusýrur, en rannsóknir hafa sýnt að þær eru ekki einungis hollar til inntöku, heldur líka á húðina þar sem þessar olíur eru mjög bætiefnarikar og ganga fyrir inn í húðina en feitar, mettaðar olíur.“

Síðustu mánuði og ár hefur rotvörnin paraben, sem notuð hefur verið í tugir ára í snyrtivörur, fengið mjög neikvæða umfjöllun. „Nú er komin upp umræða um að þessi efni geti verið mjög hættuleg, þótt ekkert hafi verið fullsannað. Þessi efni eru á mjög gráu svæði og kannski ekki lengur spurning um hvort, heldur hvenær, þau verða bönnuð,“ segir Gígja. Til dæmis er álitid að þau geti raskað hormónastarfsemi og jafnvel verið krabbameinsvaldandi við langtíma notkun.

Þar af leiðandi fór Urtasmiðjan að leita að rotvörn fyrir framleiðslu sína sem ekki hefur slíkar aukaverkanir.

„Það er náttúrulegt hráefni í vörunum sem við framleiðum og ég var svo heppin að finna erlent náttúrulegt rotvarnarefni,“ segir Gígja.

Fyrir jólin kom á markaðinn nýja snyrtivörulínu Sólá, sem inniheldur ný andlitskrem, handkrem, fótakrem og sportkrem, en dagkreminn innihalda sólarvörn úr jurtum.

Auk þess framleiðir Urtasmiðjan úrval af sölvum og nuddolíum, græðissmyrsl og fótaáburð, auk barnalínu, þar sem hægt er að fá baðolíu og bossakrem, að ógleymdum mömmusalvanum fyrir mæður með börn á brjósti. Mömmusalvinn hefur verið lengi notaður á fæðingardeild í Svíþjóð, og þaðan hefur hann fengið frábær meðmæli bæði frá mæðrunum og starfsfólkinu, að sögn Gígu.

„Vörurnar frá Urtasmiðjunni hafa frá því fyrsta fengið frábærar viðtökur og virðist sem fólk sé að vakna meir og meir til vitundar um heilnæmi náttúrulegra afurða. Við á Íslandi höfum algjöra sérstöðu hvað þetta snertir, við eigum þessa hreinu ómengdu náttúru sem er svo gjöful ef við bara kunnum að nota gjafir hennar og umgöngumst hana með þeirri virðingu sem hún á skilið,“ segir Gígja.

Framleiðsluvörur Urtasmiðjunnar hafa aldrei verið prófaðar á dýrum og umbúðirnar eru endurvinnanlegar og umhverfisvænar. Geymslupól vörunnar er 10-12 mánuðir séu þær geymdar við 18-20°C, en við kaldari geymslu eða í kæli endast þær í



Gígja Kj. Kvam er eigandi Urtasmiðjunnar.



Sólavörurnar innihalda náttúrulega rotvörn.



Gígja notar baldursbrá í sumarvörur sínar.

METSÖLU-LÍFSSTÍLSBÓK SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM KVENNA

KONUBÓKIN

Dr. Pamela Peeke studdist við nýjustu rannsóknir þegar hún lagaði aðferðirnar í Líkami fyrir lífið **algjörlega að konum**.


Fjallað er um aðferðir sem gera konum kleift að greinast og gjörbreyta líkamlegu ásigkomulagi sínu. Pamela útskýrir hvernig **jafnvægið milli æfinga og næringar skiptir mestu**. Á öllum aldri.

- Ótrúlegar „**fyrir og eftir myndir**“ ásamt vitnisburði kvenna.
- **Spurningar og svör**: Kafli sem svarar spurningum þínum um mataræði og æfingar.
- **Yfir 100 myndir sem sýna æfingar**.
- Aðferð Dr. Pamelu Peeke **hjálpur öllum konum að ná toppárangri** á mismunandi aldurskeiðum.

„Loksins er komin lífstílsbók þar sem æfingaáætlanir og mataræði miðast við þarfir og líffræði kvenna.“ Dís í World Class

ÚTKALL

Sími 562 2600



Betra Form



ÁRANGUR

8 vikna námskeið fyrir konur

Betra form er fyrir konur sem vilja léttast, auka líkamlegt þrek og andlega vellíðan

Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á **Betra form**-námskeiðunum.

Vertu með!

Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is

Morgunhópar
Daghópur
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla

Innifalið:

- Þjálfun 3-5x í viku
- Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
- Fitumælingar og vigtun
- Matardagbók
- Vandað fræðsluefni
- **Lögmálin 9 um megrun** - nýtkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.

Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla

Hefst 9. jan.

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is




AIKIDO

Námskeið allt árið
í sal Aikikai Reykjavík í Faxafeni 8.
Skoðið heimasíðuna www.aikido.is
Verið velkomin í frían prufutíma
(það eina sem þú þarft að gera er að mæta)

Byrjendapakki:
Vorönn hefst 9. janúar kl. 18:00.
Gráðupróf í apríl.
Æfingar eru allt að sex á viku.
Verð 15.000 kr. fyrir fullorðna og
12.000 kr. fyrir unglinga (12-15 ára).
(para- og systkinaafsláttur).

**Ókeypis aikido galli
fylgir með byrjendanámskeiði!**
Hringið í eftirfarandi símanúmer
til að fá nánari upplýsingar:
822-1824 & 820-4070
eða kíkið á heimasíðuna:
www.aikido.is

Barnatímar
hefst einnig 9. september.
Æft er tvisvar í viku,
á mánudögum og fimmtu-
dögum milli kl. 17:00-18:00.
Aldur 6-11 ára. Verð 9.500 kr.
Upplýsingar um barnastarf veitir
Jóhann í síma: 820-4070



Bollywood- og magadans eru ákaflega ástríðuþrúgnir dansar og ekki spilla þessir skraut-
legu búningar fyrir ánægju bæði dansara og áhorfenda. Mynd/Tómas Jónsson



ERUM FLUTT Í
BORGARTÚN 6

VIÐ BJÓÐUM
UPP Í DANS Á
NÝJU ÁRI

Mambó
Tjútt
Freestyle
Salsa
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Nýjustu tískudansarnir
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Nýtt! | Styttra sérnámskeið í Salsa og Mambó
fyrir pör og einstaklinga

Ýmis starfsmanna- og stéttarfélag
veita styrki vegna dansnámskeiða.

Athugið að við erum flutt í nýtt húsnæði að Borgartúni 6

Innritun og
upplýsingar alla
daga kl. 12-19
í síma 553 6645
eða á danskoli.is



Dansráð Íslands | Faglaerðir danskennarar

Borgartún 6 | 105 Reykjavík | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@danskoli.is | www.danskoli.is

DANSSKÓLI
Jóns Peturs og Köru

Óhefðbundinn dans

Kramhúsið býður upp á eitt skemmtilegasta form hreyfingar sem til er, dansinn. En auk þess getur fólk á aldrinum þriggja til áttatíu ára skemmt sér hér við hreyfingu, myndlist og leiklist.

„Kramhúsið var algjör frumkvöðull í óhefðbundinni dansmenningu hér á landi,“ segir,“ segir Vigdís Arna Jónsdóttir, hugmyndasmiður Kramhússins, sem stofnað var árið 1983. „Við vorum þau fyrstu sem byrjuðu með nánast allan þennan óhefðbundna dans eins og Afró og magadans, og við vorum eitt af fyrstu húsunum sem settu jóga inn í dagskrána án þess að vera bara jógahús. Leikfimin í sambatakti er ekki bara púl, heldur gengur hún meira út á að hafa gaman af henni og til dæmis er dansað við músík frá Lögreglukórnum.“

Mikill alþjóðlegur bragur er yfir Kramhúsinu, en þar starfa um þrjátíu starfsmenn frá um tólf löndum og fær húsið árlega gestakennara frá fleiri löndum.

Eitt af því sérkennilegasta sem Kramhúsið kennir er Bollywood-dans. Dansinn í þessum myndum er hannaður til að ná til sem flestra,

en mállýskufjöldi Indlands kemur í veg fyrir að allir þeir sem sækja kvikmyndahúsin í Indlandi skilji allt sem sagt er.

„Dans og söngur er alþjóðlegt tungumál og Indverjar fara í bíó til að gleyma hversdagsleikanum og komast inn á aðrar víddir. Dansatriðin í þessum myndum eru því afar mikilfengleg,“ segir Vigdís. Þessir tímar eru vinsælir meðal kvenna og koma þá oft hópar saman, til dæmis saumaklúbbar eða vinkvennahópar, fara í danstíma, fá sér snarl frá Ostabúðinni og skella sér síðan í gufu.

Einnig býður Kramhúsið upp á jóga fyrir börn og unglinga, sem og magadans fyrir konur fjörutíu ára og eldri. „Við vorum að svara eftirspurn með þessum tímum og þetta eru skemmtilegustu tímarnir í öllu húsinu,“ segir Vigdís. „Mottóíð hjá Kramhúsinu er bara lífsgleði og leikur.“



EAS Body-for-LIFE Calorie Control
Minnkar kaloriuinntöku

- Minnkar kaloriuinntöku um allt að 30%
- Dregur úr matarlyst

Nánari upplýsingar fást á www.eas.is

Líkami fyrir LÍFIÐ

Streituskólinn

Ágætu nemendur.

Sendum ykkur hugheilar óskir um gleðilegt ár um leið og við þökkum ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Munið eftir streitukortinu!



www.stress.is

Kennarar Streituskólans

Hollráð fyrir sjónheilsu

Sjónkvillar eru vaxandi vandamál í samfélagi tölvu- og skjávinnu. Hér eru nokkur hollráð í boði lækna fyrir þá sem vilja bæta sjónina eða viðhalda þeirri sem fyrir er.

Sífelld fleiri sitja heilu og hálfu dagana fyrir framan tölvuskjá. Þeir mega samt ekki gleyma því að taka sér nokkurra mínútna hlé reglulega til að hlífa augunum. Gott ráð til að hjálfa augun er að nota hvert tækifæri sem gefst til að beina þeim að einhverju í meiri fjarlægð en skjánum og ná fókus.

Ef þreytu verður vart í augum getur verið gott að leggja lófana yfir augun í mínútu eða svo þannig að ekkert ljós smjúgi í gegn, þrýsta með þeim þéttingsfast á kinnbein og enni og reyna að slaka á. Slík æfing er mjög góð hvíld fyrir augun, sérstaklega ef hún er gerð nokkrum sinnum dag hvern.

Styrkur sjóntaugarinnar hefur áhrif á sjónina. Það getur því verið gott að hjálfa taugina með þar til gerðum æfingum. Best er að imynda sér að horft sé á klukku. Fyrst er litið eins langt upp í átt að 12 og mögulegt er - það er nauðsynlegt að finna teygjuna á sjóntauginni - og heldur í nokkrar sekúndur. Því næst er sjónum beint að tölunni 1 á klukkunni og svo koll af kolli, alltaf með viðkomu í miðri klukkunni milli talna. Ef tími gefst má svo fara öfugan hring að auki.

Nærsýnir ættu að reyna að lesa án gleraugna ef þeir sjá sér það fært án þess að lesefnið sé óþægilega nálægt þeim. Ef það er gert ættu

þeir með tíð og tíma að geta lesið úr æ meiri fjarlægð. Það sama gildir um tölvunotkun.

Sólgleraugu eru ekki góð lausn fyrir þá sem viðkvæmir eru fyrir sólarljósi. Þvert á móti verða augun viðkvæmari með því.

Þeim sem eru sérstaklega næmir fyrir sólarljósi er bent á að sóla reglulega á sér augun þegar þess gefst kostur. Það felst í því að snúa lokuðum augunum að sólinni nokkra stund. Þetta dregur úr viðkvæmni fyrir ljósi og getur skerpt sjónina.

Ef þreytan segir til sín er um að gera að taka sér örlítið hlé frá augnágáinu.



algjör...

BOMBA®

orkudrykkur

Leitaðu ekki langt yfir skammt – við erum í nágrenni við þig!
MECCA SPA stendur þér opið fyrstu tvær vikurnar í janúar
 – komdu í heimsókn og kynntu þér málið af eigin raun.

Gangi þér vel í heilsuræktinni!

Láttu þér líða vel – þú átt það skilið.

PHYTOMER



- Nýir eigendur
- Gagngerar endurbætur á öllu húsnæði
- Öll líkamsræktartæki hafa verið endurnýjuð
- Spa-aðstaða á heimsmælikvarða
- PHYTOMER-snyrtivörurnar eru einstakar

HREYSTI · HEILBRIGÐI · HAMINGJA

Gerum þessi einkunnarorð að nýársheiti ársins 2006

„Heilbrigð sál í hraustum líkama“ er ekki gömul klisja heldur náttúruleg mál því líkamleg og andleg líðan haldast alltaf í hendur. Við Íslendingar erum harðdugleg og vinnusöm þjóð.

Við erum metnaðarfull og viljum öðlast allt það besta sem lífið hefur upp á að bjóða.

Í dagsins önn vill þó gleymast að **mestu lífsgæðin eru fólgin í góðri heilsu.**

Sá tími sem við gefum okkur til að rækta heilsuna er því afar mikilvæg og dýrmæt stund.

Við viljum vinna með þér – að þinni heilsurækt. Við höfum reynsluna, þekkinguna og aðstöðuna. Til 15. janúar er **OPIÐ HÚS** og þú getur mætt eins oft og þú villt.



▪ MECCA SPA ▪

Fatlaðir í golfið

Sífelld fleiri hreyfihamlaðir og þroskaheftir einstaklingar eru farnir að iðka golf með afbragðsárangri. Golfsamtök fatlaðra á Íslandi standa fyrir námskeiðum og hefst næsta námskeið á morgun, miðvikudag.

„Þetta er náttúrulega bara venjulegt golf og við erum með kennslu sem er ætluð fötluðum einstaklingum,“ segir Hörður Barðdal, formaður Golfsamtaka fatlaðra á Íslandi. Samtökin beita sérstaklega fyrir því að koma fjölskyldum fatlaðra í golf með einstaklingnum. „Fatlaðir eru auðvitað í venjulegum fjölskyldum og venjulegt fólk hefur gaman af því að iðka íþróttir, en þegar fólk verður fatlað getur það orðið útundan. Við reynum að koma í veg fyrir það.“

GSFÍ stendur fyrir golfnám-skeiðum á hverjum vetri og eru þau yfirleitt án endurgjalds. Engin takmörk eru sett á fötlun manna eða

fjölda þátttakanda, því GSFÍ bætir bara við tímum ef fleiri mæta.

„Við höfum verið með fólk upp undir áttrætt í kennslu hjá okkur og niður undir átta til níu ára börn,“ segir Hörður og bætir við að kennararnir eru sérþjálfarar í golfi fatlaðra og kunna ýmis brögð.

„Þetta fólk er oft að ná mjög góðum árangri. Við höfum hér til dæmis afbragðs kylfinga, fólk sem er með sex, sjö eða átta í for-gjöf, fólk sem gæti í raun farið að kenna golf,“ segir Hörður. Einn þessara einstaklinga er einungis með þrjá heila fingur og á annan vantar fótinn neðan við hné. „Það er minn draumur að koma þessum

einstaklingum á verðlaunapalla svo þeir geti orðið fyrirmyndir yngri hópanna,“ segir Hörður.

Hann tekur sem dæmi að margir einhentir telji sig ekki geta spilað golf. „En það eru til hundruð og þúsundir einhentra einstaklinga sem spila, og hafa gert alla síðustu öld. Við fylgjumst með því sem er að gerast í heiminum og reynum að hjálpa öllum þeim sem vilja að komast út að hreyfa sig,“ segir Hörður. Jafnvel hjólastóll þarf ekki að vera nein hindrun, þó úbúnaðurinn sem hannaður hefur verið til leiksins geti verið dýr.

Hafi fólk áhuga á golfnám-skeiðum GSFÍ má hafa samband



Sigurbjörn Theodorsson leikur golf með annarri hendi. Hér keppir hann á Evrópumeistar-móti fatlaðara í Strassborg árið 2003.

við Hörð í netfanginu hord-ur@chp.is. Jafnframt eru allir velkomnir á æfingu á morgun,

sama við hvaða fötlun þeir búa, á milli 16 og 18 hjá GR á Korpu við Korpúlfsstaði.



Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttfræðing, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir jólin. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrenslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurbörfina, hvernig þú ferð á því að brenna meira og léttast.

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigð pragramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7.30
- Konur kl. 6.30, 10.00, 16.30 eða 18.30

Nýtt námskeið hefst 11. janúar nk.

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

N O R D I C A S P A



Ingibjörg Stefánsdóttir, eigandi Yoga Shala.

Nýjustu straumar frá Indlandi

Ingibjörg Stefánsdóttir hefur lært jóga erlendis og kennir núna Íslendingum að teygja sig og beygja í Ashtanga jóga.

Yoga Shala er eina stofan á landinu sem kennir svokallað Ashtanga Vinyasa jóga. Það er jóga sem byggist upp á svokölluðum serium en þá læra þáttakendumir röð líkamsstillinga. Líkamsstillingarnar mynda svo saman eina heild sem kemur fram í stanslausu flæði mismunandi hreyfinga. Ashtanga Vinyasa er kraftmikið jóga sem reynir á einbeitingu, slökun og hugarró en einnig á úthald. Yoga Shala býður einnig upp á tíma í meðgöngujóga og Ashtanga kraft jóga, en það er tegund jóga sem reynir mikið á úthald.

Ingibjörg hefur mikið verið í jóga

og stundað það af krafti í rúm sex ár. „Ástæðan fyrir því að ég opnaði þessa stofu var sú að eftirspurnin eftir jóga tímum var mikil og ég sá mjög góðan grundvöll fyrir því að opna stofu,“ segir Ingibjörg en áður var hún að kenna í Kramhúsinu. Ingibjörg hefur lært jóga erlendis, meðal annars í Indlandi og Bandaríkjunum. „Ég fer stundum út núna, þá oft til Indlands og heimsæki þá mína jóga gúrú, til þess að fá nýjustu straumana beint í æð, læra nýjar hreyfingar og svo framvegis,“ segir Ingibjörg og bætir við að helst ættu allir að prófa jóga.

Mikið úrval af æfingaboltum, nuddboltum, yogadýnum og ýmsum búnaði tengdum íþróttum.



Æfingaboltar



Nuddboltar



Yogadýnur

Vinsælt spil fyrir alla fjölskylduna
2 til 6 í hverju liði



Kubb spilið



P. ÓLAFSSON ehf.

Trönuhrauni 6, 220 Hafnarfirði // Sími: 565 1533 // polafsson@polafsson.is // www.polafsson.is

Í FULLKOMNU JAFNVÆGI

VERÐLÆKKUN



Acidophilus+ Bifidus Complex

Betri melting.



Glucosamine Sulphate

Betri liðir.



Ginseng Korean KARLAR

Eykur orku
og úthald.



Calcium - Magnesium Zinc og Boron

Öflug
steinefnablanda
fyrir beinin.



Garlic

Lyktarlaus
hvítlaukur.



Ginseng Siberian KONUR

Orka og
einbeiting.



Ester-C *formula*

Sérstaklega gott fyrir
viðkvæman maga.



Co-Enzyme Q10

Aukin orka.



Ginkgo Biloba

Eykur
blóðstreymi.



Psyllium Fibre

Einstakar trefjar fyrir
meltinguna.



Echinacea (sólhattur)

Góð vörn í vetur gegn
umgangspæstum



Einstakar vörur án allra aukefna

**vega**

Hættan minni með reglubundnu eftirliti

Með algengari krabbameinum hérlendis er krabbamein í ristli og endaparmi, sem árlega dregur fjölda fólks til dauða.

Ristil- og endaparmskrabbamein er eitt algengasta krabbamein beggja kynja á Íslandi. Árlega greinast yfir 100 ný tilfelli og á bilinu 40 til 50 manns látast á ári hverju af völdum sjúkdómsins (miðað við árabilið 1995-1999).

Þessi krabbamein eru mun algengari meðal eldra fólks og um 90% allra sem greinast eru eldri en 50 ára. Karlar eru í heldur meiri hættu en konur á að fá ristilkrabbamein en krabbamein í endaparmi leggst jafnt á alla.

